



**SKOÐUN** Ef gera á götuhaup betri þarf að fjölga Lynghögunum og Lindarbrautum, skrifar Pawel. **17**



**MENNING** Pabbi passar systurnar í Pascal Pinon á ferðalögum. **46**



**SPORT** Ásdís Hjálmsdóttir hefði orðið íþróttamaður ársins hefðu sér-sambönd ÍSÍ séð um kosninguna. **42**

**FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN**  
NÁMSKEIÐSBÆKLINGUR  
ENDURMENNTUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS  
FYLGIÐ BLAÐINU Í DAG

endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**  
4. janúar 2013  
3. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



**Best klædda konan**  
Dorrit Moussaieff forsetafrú hefur verið valin best klædda kona Lífsins. Bleikir sokkar í stíl við Ray Ban-sólgleraugu voru hápunkturinn.

**FRÉTTIR**  
**Rúllustigaslys skoðað** Vinnueftirlitið skoðar nú tildrög rúllustigasslyssins sem varð í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði rétt fyrir jól. **2**  
**Aukið orlof** Foreldrar munu fá tólf mánaða fæðingarorlof frá og með árinu 2016. **4**  
**Áhætta á meðgöngu** Fórnlömb nauðgana eru líklegri en aðrar verðandi mæður til að stunda áhættu-hegðun á meðgöngu. **8**

## Unnið að afnámi hafta á heimili og rekstrarfyrirtæki

Pverpólitísk nefnd vinnur að leiðum til að afmarka gjaldeyrishöft. Vilji til að koma á frjálsum fjármagnsflutningum fyrir heimili og fyrirtæki sem fyrst. Frumvarp sem gerir höftin ótímabundin lagt fram á næstunni.

**EFNAHAGSMÁL** Unnið er að leiðum til að losa heimili og rekstrarfyrirtæki undan gjaldeyrishöftum og láta þau fyrst og fremst hvíla á fjármálaviðskiptum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þá er stefnt að því að leggja fram frumvarp í þessum mánuði um breytingar á lögum um gjaldeyrishöft, þess efnis að afnám þeirra verði bundið efnahagslegum skilyrðum í stað þess að þau verði afnumin á ákveðnum tíma. Nefnd fulltrúa allra þingflokka sem vinnur að hugmyndum um afnám hafta mun auk þess koma á framfæri hugmyndum til Seðlabanka Íslands um leiðir sem hún telur að muni hjálpa til við afnám haftanna.

Fréttablaðið greindi hinn 21. desember frá bréfi nefndarinnar til formanna stjórnarálflokka. Þar kom fram að nefndarmenn væru sammála um að gjaldeyrishöft skyldu vera ótímabundin og að afnám þeirra yrði þess í stað háð efnahagslegum skilyrðum. Í kjölfarið fundaði nefndin með formönnunum. Heimildir Fréttablaðsins herma að þverpólitísk sátt sé um þær leiðir sem tundaðar eru í bréfinu og að frumvarp um breytingarnar verði lagt fram snemma á komandi þingi, sem hefst 14. janúar. Samhliða verður lagt til við Seðlabanka Íslands að flýta sér hægt í að veita undanþágur fyrir þrotabú gömlu bankanna, Kaup-

**834 milljarðar gætu viljað út**  
Aflandskrónurnar, eða kvikar krónur í eigu erlendra aðila, voru um 402 milljarðar króna í september síðastliðnum. Til viðbótar er talið að kvikar krónur í eigu þrotabúa föllnu bankanna séu um 211 milljarðar króna alls og eignarhlutur þeirra í Íslandsbanka og Arion banka sé um 221 milljarðs króna virði. Samtals eru þetta um 834 milljarðar króna sem gætu viljað leita út úr höftunum ef bankarnir verða seldir fyrir íslenskar krónur. Vilji er til þess að láta höft áfram gilda gagnvart þessum eignum.

Þings og Glitnis, til gjaldeyrisskipta. Bæði þrotabúin hafa óskað eftir slíkum undanþágum til að geta klárað nauðasamninga. Nefndin vinnur auk þess að leiðum til að koma á umhverfi frjálsra fjármagnsflutninga fyrir heimili og rekstrarfyrirtæki eins fljótt og auðið er. Með því á að reyna að móta tillögur um hvernig hægt verði að afmarka höftin við fjármálaviðskipti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það helst aflandskrónur og endurgreiðslur úr þrotabúum föllnu bankanna sem höftin eiga áfram að ná til. -þsj

**SHALDÖR** 16

Bolungarvík	4°	A	9
Akureyri	3°	SA	5
Egilsstaðir	3°	SA	6
Kirkjubæjarkl.	6°	SA	7
Reykjavík	8°	SA	13

**RIGNING** Vaxandi S-átt S- og V-lands og rigning, víða 10-20 m/s síðdegis. Hægari og úrkomulítið NA-til. Hiti 3-9 stig. **4**



**VARLEGA FARIÐ UM** Mjög hált hefur verið á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi skakkaföllum. Mikið hefur verið að gera á bráðamóttöku Landspítalans frá áramótum vegna hálkuslysa og mikið er um beinbrot, að sögn Einars Hjaltasonar læknis. „Hér er töluvert mikið af fólki sem bíður. Það er eldra fólkíð sem er að detta og þolir það illa,“ sagði hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gott ár en þó samdráttur: Plötusala minni í fyrra en 2011

**TÓNLIST** Plötusala árið 2012 var um átta prósentum minni en metárið 2011, samkvæmt sölutölum úr stærstu smásöluverslunum landsins. Salan 2012 var engu að síður sú næstmesta á undanförunum fjórum árum hvað varðar seld eintök; tíu prósentum meiri en 2009 og 25 prósentum meiri en 2010. „Árið var frábært í nýjum íslenskum plötum,“ segir Eiður Arnarsson hjá Senu og bætir við að stærsta fréttin sé kannski sú hve afgerandi vel ungir listamenn á borð við Ásgeir Trausta, Retro Stefson og Of Monsters and Men hafi selt plötur sínar. -fb / sjá síðu 46

Samdráttur í plötusölu á Íslandi á milli áruna 2011 og 2012 nam **8%**

**2 SÉRBLÖÐ**  
Lífið | Fólki

**FÓLK**

Lífið

## ASÍ vill fá umsaminn kaupmátt

**KJARAMÁL** „Við viljum ekki hafa frumkvæði að því að opna samningana heldur frekar reyna að standa við þá eins og við getum,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Samkvæmt samningi ASÍ og SA eiga laun almennt að hækka um 3,25 prósent um mánaðamótin. Báðir aðilar hafa frest til 21. janúar vilji þeir taka samninginn upp. Fulltrúar þeirra hittast í dag til viðræðna. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að miðað hafi verið við 2,5 prósentu verðbólgu en að hún sé nú

4,2 prósent og kaupmáttur sé því að rýrna ekki aukast. „Vandamálið er að fyrirtækin hafa hækkað of mikið verð á vörum og þjónustu og við því þarf að bregðast. Þetta er vandamálið og menn geta ekkert stungið hausnum í sandinn með það,“ segir hann. Vilhjálmur segir SA líta til þess að ríkið hafi aðeins lækkað tryggingargjald á fyrirtæki um 0,1 prósent en ekki 0,75 prósent eins og reiknað hafi verið með. Þess utan vanti um 100 milljarða króna inn í hagkerfið á þessu ári miðað við forsendur samningsins. „Staða fyrirtækjanna til að rísa undir

„Menn geta ekkert stungið hausnum í sandinn.“  
Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ

þeim hækkingunum er verri en við gerðum ráð fyrir,“ segir hann. Gylfi segir að þótt fyrirtæki tali um vanda séu mörg þeirra með methagnað. Verði samningnum sagt upp sé ekki ólíklegt að til átaka komi. „Þá hljóta atvinnurekendur að gera sér grein fyrir því að hér gæti orðið ólga á vinnu-markaði,“ segir forseti ASÍ. -gar

**HANDBALL 2013** SPORT HD

**HM Í HANDBOLTA**

**HEFST EFTIR 7 DAGA**

#HM2013

VIR Arion banki VILTOR ICELANDAIR

**HANDBALL 2013** SPORT HD

**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS**

VIR Arion banki VILTOR ICELANDAIR

## SPURNING DAGSINS



Ómar, er búin að vera mikil keyrsla á ykkur?

„Já, við höfum þurft að gefa allt í botn.“

Ómar Pröstur Hjaltason er annars forsvarsmanna bílstjórþjónustunnar Keyrðu mig heim, sem sérhæfir sig í að skutla bílum heim fyrir drukkna eigendur. Frétt um þjónustuna var vinsælasta dægurfrétt ársins 2012 á Vísi.

# Prengt að frjósemismeðferðum með reglum um að aðeins megi geta tólf börn með sæði hvers gjafa: Sjá fram á landlæga sæðisþurrð í Danaveldi

**DANMÖRK** Nýjar og strangari reglur um gjafasæði í Danmörku gætu orðið til þess að sæðisbankinn Cryos International í Árósum, stærsti sæðisbanki heims, hætti að sjá Dönnum fyrir sæði. Þetta kemur fram í frétt á vef danska ríkisútvarpsins, DR.

Nýja reglugerðin kveður á um að tryggt verði að tólf börn hið mesta verði til með sæði hvers sæðisgjafa. Ole Schou, forstjóri Cryos, segir ómögulegt að tryggja slíkt og því sé útséð um að fyrirtækið geti séð læknaströfum í Danmörku fyrir sæði. „Afleiðingarnar eru þær að barnlaust fólk verður að leita til útlanda, ættleidda börn eða vera áfram barnlaust,“ segir Schou.

Yfirlæknirinn á Ciconia-læknastofunni í Árósum, sem hefur reitt sig á sæði frá Cryos, segir þess ekki langt að bíða að afleiðingarnar komi í ljós. „Við, og aðrar stofur í Danmörku, verðum þurrausn eftir tvær vikur, kannski þrjár.“

Um 250 konur hafa fengið gjafasæði í Danmörku ár hvert en nú er allt útlit fyrir að mikill samdráttur verði strax í ár, þar sem fyrirtækin hafa ekki leyfi til innflutnings á sæði.

Enn verður þó leyfilegt að nota sæði sem hefur verið gefið af fjölskyldumeðlimi, eða ef sæðið var pantað fyrir árslok 2012.



**SÆÐI** Dönsk stjórnvöld hafa hert á reglugerðum um sæðisgjafir, sem óttast er að geti valdið sæðisþurrð í landinu. NORDICPHOTOS/AFAP



**PRÍHNÚKAGÍGUR** Eftirsóttur áfangastaður ferðamanna.

Skipulagsstofnun vill hraðatakmarkanir og góða vatnsvernd: Aðeins ekið á 70 að Þríhnúkagíg

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun segir að þótt áhrif af fyrirhuguðum mannvirkjum við Þríhnúkagíg séu að langmestu leyti afturkræf geti þau ásamt stígagerð haft neikvæð áhrif á verndargildi gígsins. Þá séu framkvæmdirnar innan vatnsverndarsvæðis.

„Allar framkvæmdir og rekstur innan þess valda álagi á svæðið og ljóst að aukin starfsemi hefur í för með sér aukid álag og eykur um leið hættu á mengunarslysum,“ segir Skipulagsstofnun, sem setur annars vegar skilyrði um að hámarksþraði á veginum að gígnum verði 70 kílómetrar á klukkustund og hins vegar að fyrir liggji niðurstöður um endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

## HVERAGERÐI

## Vilja 100 herbergja hótél

Einkahlutafélagið Stracta Construction hefur óskað eftir viðurðum við bæjarstjórnina í Hveragerði um úthlutun lóðar vegna uppbyggingar allt að 100 herbergja hótels með veitingastað og fundarsölum. Bæjaryfirvöld hyggjast ræða við fulltrúa félagsins um möguleikana á slíkrri uppbyggingu.

## ALMANNAVARNIR

## Hættustigi aflétt

Hættustigi almannavarna á Vestfjörðum og á Hofsósi var aflétt í gær. Hús höfðu verið rýmd vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. Snjócoma undanfarna daga hefur víða haft mikil áhrif á færð á vegum og valdið víðtæku rafmagnsleysi.

Endurbætur á Klapparstíg:

## Snjóbræðslan brátt í gagnið

**FRAMKVÆMDIR** Snjóbræðsluferfi sem lagt var undir Klapparstíg í nýafstöðnum endurbótum á milli Laugavegar og Hverfisgötu verður tengt öðru hvoru megin við helgina.

Að sögn Ólafs Ólafssonar, yfirmanns mannvirkjaskrifstofu Reykjavíkurborgar, náðist ekki fyrir jól eins og til stóð að tengja nýju hitalagnirnar í götunni við snjóbræðslustöð sem sett var upp í bílastæðahúsi í Traðarkoti. Um sams konar kerfi er að ræða og komið var fyrir við endurbætur á Klapparstíg ofan Laugavegar fyrir á nýliðnu ári.

# Vinnueftirlitið fer yfir verkferla í kjölfar slyss

Vinnueftirlitið skoðar nú tildrög rúllustigaslyssins í Firði rétt fyrir jól. Verkferlar verða yfirfarnir í kjölfar slyssins. Þúsundir misalvarlegra rúllustigaslysa verða í heiminum á hverju ári. Öll slys eru óásættanleg, segir deildarstjóri eftirlitsins.

**SLYS** „Eftirlitsmaður úr vinnuvéladeild fer í framhaldi af þessu tilviki og skoðar aðstæður sem sköpuðust þarna og þennan tiltekna stiga,“ segir Helgi Haraldsson, deildarstjóri tæknideildar Vinnueftirlitsins. Búnaður verður skoðaður, mögulegt slit, staðsetning neyðarhnappa og merkingar.

„Síðan munum við yfirfara okkar skoðanir og vinnulag til að sjá hvort við getum gert eitthvað meira til að fyrirbyggja svona í framtíðinni. Við Íslendingar erum nú bara þannig gerðir að slys eru algjörlega óásættanleg, svo ég tali nú ekki um slys á börnum.“

Fréttablaðið greindi frá slysi í gær þar sem móður tveggja ára stúlku tókst naumlega að losa dóttur sína úr stígvéli sem fest hafði í rúllustiga í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði laust fyrir jól. Stúlkan hlaut minniháttar meiðsl en stígvélið gjöreyðilagðist og var því mikil heppni að hún losnaði. Stiginn hafði verið vottaður af Vinnueftirlitinu í nóvember síðastliðnum.

Þúsundir misalvarlegra slysa og óhappa verða í rúllustigum á ári hverju um allan heim. Öryggisvandamál varðandi rúllustiga eru vel þekkt, sérstaklega erlendis, og segir Helgi það koma fyrir að fólk, þá sérstaklega börn, missi tær og jafnvel stærri útlími í stigum.

„Það er mjög margt sem getur farið úrskeiðis; hönnunin, viðhaldið, þjónustan og svo auðvitað hegðun þeirra sem nota stigann,“ segir Helgi. „Hér á landi eru þó bara örfáir stigar og þjónustan og viðhaldið því yfirleitt í lagi.“

Vinnueftirlitið framkvæmir



**DULIN HÆTTA** Þúsundir slysa verða í rúllustigum um allan heim, en víða erlendis er eftirliti ábótavant, samkvæmt deildarstjóra Vinnueftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Festi hárið og endaði í dái á spítala

- Tólf ára stúlka slasaðist mjög alvarlega eftir að hafa fest höfuðið á milli rúllustiga og efri hæðar verslunarmiðstöðvar á leið sinni upp. Stúlkan festi hárið í stiganum þegar hún beygði höfuð sitt til að sjá á neðri hæðina. Stúlkan var færð í dái á sjúkrahús með blóðtappa í höfði. *Bangkok, Tailandi—september 2012*
- Priggja ára drengur missti þrjá fingur í rúllustigaslysi í verslunarmiðstöð. Ekki er vitað hvað varð til þess að drengurinn festi fingurna í stiganum en hann datt niður með hönd sína fasta á milli og var fluttur alvarlega slasaður á sjúkrahús. *Sydney, Ástralíu—desember 2012*
- Fjórir slösuðust þegar rúllustigi í verslunarmiðstöð bilaði og brotnaði í sundur. Hjólin undir stiganum brotnuðu og á nokkrum sekúndum lyftust heilu tröppurnar upp svo fólk þurfti að flýja niður eða upp til að bjarga sér. Enginn slasaðist þó alvarlega. *Bellevue, Washington-ríki í Bandaríkjunum—júlí 2012*

öryggisskoðanir á rúllustigum vegna stigans svo reglubundið einu sinni á ári. Þá er meðal annars leitað eftir því hvort til staðar sé þjónustusamningur eftirlit sé tryggt. Slíkum samningum geti verið ábótavant víða erlendis. sunna@frettabladid.is

Enn er allt í hnút í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga við Landspítalann:

## Segir ráðherra bera mikla ábyrgð

**VINNUMÁL** Hvorki gengur né rekur í kjaraviðræðum hjúkrunarfræðinga og Landspítala háskólasjúkrahúss.

„Deilan er enn í hnút og stjórnvöld virðast því miður ekki gera sér grein fyrir alvöru málsins,“ segir Elsa Björk Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. „Það hefur ekkert gerst síðan fyrir jól,“ segir hún og minnir á að það styttest í að hjúkrunarfræðingar gangi út.

Í desember sögðu 240 hjúkrunarfræðingar upp störfum á spítalanum vegna óánægju með vinnuaðstöðu og launakjör. Uppsagnir þeirra taka gildi 1. mars næstkomandi. Í hópnum eru hjúkrunarfræðingar með mikla sérhæfingu og útlit er fyrir að starfsemi spítalans muni raskast verulega nái uppsagnirnar fram að ganga.

Síðan í desember hafa staðið yfir viðræður um endurskoðun á stofnanasamningi Landspítalans við hjúkrunarfræðinga.

Elsa segist vita til þess að heilbrigðisráðherra hafi verið í frii og það kunnir að skýra hægari gang í viðræðum undanfarið. Hún bendir á að nú séu komnir fjórir mánuðir síðan ráðherra ætlaði að hækka laun



**MIKIL ÁBYRGÐ** Elsa Friðfinnsdóttir segir stjórnvöld ekki átta sig á alvörunni í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga og ríkisins.

forstjóra spítalans, en það hafi verið dropinn sem fyllti mælinn hjá hjúkrunarfræðingum. „Ráðherra ber því ansi mikla ábyrgð á því sem komið er. Á þessum tíma hefur bara verið fundað og varpað fram hugmyndum, en án árangurs.“

# ÚTSALA

## 38

# PREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR AURIS SKAPAÐUR FYRIR ÞIG



## FRUMSÝNUM NÝJAN AURIS Á MORGUN MILLI KL. 12 OG 16

Nýr Auris er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitsamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Sjö loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á morgun kl. 12-16 og skoðuðu nýjan Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

Verð frá 3.250.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**GENGIÐ**  
03.01.2013

	Bandaríkjadalur	128,37	128,99
	Sterlingspund	207,92	208,94
	Evra	168,11	169,05
	Dönsk króna	22,533	22,665
	Norsk króna	23,039	23,175
	Sænsk króna	19,682	19,798
	Japanskt jen	1,4751	1,4837
	SDR	196,69	197,87

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
231,8565

## Fimm menn ákærðir á Indlandi fyrir hópnauðgun í strætisvagni: Farið fram á dauðarefsingu

**INDLAND, AP** Fimm menn voru í gær ákærðir á Indlandi fyrir hópnauðgun í strætisvagni hinn 16. desember í Nýju-Delhi, þar sem þeir réðust á ungt par með þeim afleiðingum að konan lést á sjúkrahúsi í Singapur síðastliðinn laugardag.

Málið hefur vakið óhug á Indlandi og heitar umræður um áreitni og illa meðferð sem konur á Indlandi sæta af hálfu karla.

Saksóknari hyggst fara fram á dauðarefsingu yfir hinum ákærðu. Hinir ákærðu eru vagnstjórnir

Ram Singh, 33 ára gamall, Mukesh Singh, 22 ára gamall bróðir vagnstjórans, en hann vinnur við þríf á vögnum við sama fyrirtæki, Pavan Gupta, 19 ára ávaxtasali, Akshay Singh, 24 ára, sem einnig vinnur við þríf á vögnum, og Vinay Sharma, tvítugur heilsuþjálfari.

Sjötti maðurinn er grunaður um aðild að árásinni, en hann er sagður 17 ára og kemur væntanlega fyrir sérstakan ungmennadómsstól, þar sem hann á yfir höfði sér þriggja ára betrunarvist.



**FJÖLDAMÓTMÆLI** Undanfarið hefur fólk safnast saman nærri daglega að mótmæla ofbeldi gegn konum á Indlandi.

## Skotið á Hólmsbergsvita: Merki frá vita trufluðust

**SAMGÖNGUR** Svo virðist sem einhver hafi skotið úr riffli á Hólmsbergsvita við Helgúvík fyrir skömmu. Að öllum líkindum var skotið á vitaljósið því merkja-sendingar vitans trufluðust.

Skemmdirnar komu í ljós í eftirlitsferð starfsmanna Siglingastofnunar rétt fyrir áramót. Vitinn hefur verið lagaður og gefur nú frá sér rétt merki.

Hólmsbergsviti er viti til leiðsagnar siglinga meðfram strönd Reykjanesskaga.

### HEIMURINN



#### Fékk ríkisborgarétt

**1 RÚSSLAND** Franski leikarinn Gerard Depardieu hefur fengið ríkisborgarétt í Rússlandi. Vladimir Pútín Rússlandsforseti undirritaði skjál þess efnis eftir að umsókn barst frá leikaranum. Depardieu er afar ósáttur við áform frönsku stjórnarinnar um að leggja 75 prósent skatt á hæstu tekjur og virðist staðráðinn í að yfirgefa landið af þeim sökum.



#### Sonurinn rekinn

**2 MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ** Francois Bozize, forseti Mið-Afríkulýðveldisins, hefur rekið son sinn úr embætti varnarmálaráðherra. Einnig hefur hann rekið yfirmann herráðs landsins. Þetta gerði hann af ótta við öflugt bandalag uppreisnarafla, sem undanfarnar vikur hafa náð tíu bæjum í landinu á sitt vald. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt til viðræðna milli stjórnarinnar og uppreisnarmanna.


#### Talibani felldur

**3 PAKISTAN** Bandaríkjamenn gerðu tvær loftárásir með ómönnum flugförum á Pakistan í gær og urðu samtals að minnsta kosti níu manns að bana. Meðal hinna látnu var Maulvi Nazir, yfirmaður í vopnasveitum talibana-hreyfingarinnar, sem hefur barist gegn Bandaríkjaher í Afganistan. Algengt er að almennir borgarar láti lífið í Pakistan í árásum ómannaðra flauga frá Bandaríkjaher.

#### HALDIÐ TIL HAGA

Ólíkt því sem skilja mátti á dálkinum Frá degi til dags í Fréttablaðinu á miðvikudag var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ekki í launuðu starfi við kortlagningu mannréttindamála fyrir þrjú ráðuneyti. Hún þáði ekki greiðslur fyrir starfið og lauk því á síðasta ári, að því er segir í athugasemd sem Fréttablaðinu barst frá innanríkisráðuneytinu.

### FJÖLDI MÁNAÐA Í FÆÐINGARORLOF FORELDRA EFTIR AÐSTÆÐUM



#### RÉTTARBÓT FYRIR EINHLEYP

Börn einhleypra foreldra fá samkvæmt lögunum að njóta samvistum við foreldri sitt í jafnlangan tíma og börn sem eiga tvo foreldra. Einhleypar mæður sem gangast undir tæknifrjögung og einhleypir foreldrar sem hafa ættleitt börn eða tekið börn í varanlegt fóstur munu fá tólf mánaða fæðingarorlof í áföngum næstu árin eins og sést hér til hliðar.

# Nýir foreldrar fá jafnari rétt til orlofs

Frumvarpi um fæðingarorlof var breytt rétt fyrir jól. Samkvæmt nýju lögunum fá foreldrar fimm mánaða orlof hvort um sig auk þess sem tveimur mánuðum má skipta á milli foreldra. Einhleypir foreldrar og börn þeirra fá sama rétt og aðrir.

**SAMFÉLAGSMÁL** Foreldrar munu fá tólf mánaða fæðingarorlof frá og með árinu 2016, þar af mun hvort foreldri um sig fá fimm mánaða óframseljanlegt orlof. Tveir mánuðir verða sameiginlegir og foreldrar geta ráðstafað þeim að vild.

Fyrirkomulaginu var breytt milli annarrar og þriðju umræðu í þinginu rétt fyrir jól, en áður hafði verið lagt til að hvort foreldri um sig fengi fjóra mánuði auk þess sem fjórir mánuðir yrðu sameiginlegir. Þessi tilhögun var gagnrýnd af nokkrum umsagnaradilum. „Með því að halda því fyrirkomulagi að hafa orlofið þrískipt þá eru verulegar líkur á því að mæður muni taka átta mánuði

en feður aðeins fjóra,“ segir í umsögn Jafnréttisstofu. „Rannsóknir á reynslu Norðurlanda af fæðingarorlofi sem foreldrum er ætlað að skipta á milli sín, allt frá því að Sviar innleiddu slíkt orlof 1974, sýna að það er nær eingöngu notað af mæðrum. [...] Það verður því, í ljósi reynslunnar, að teljast líklegt að það verði einkum mæður sem nota hin sameiginlegu réttindi og feður verði áfram í aukahlutverki hvað umönnun ungra barna varðar,“ segir í umsögn Rannsóknastofnunar um barna- og fjölskylduvernd hjá Háskóla Íslands.

Meirihluti velferðarnefndar Alþingis lagði því til milli

annarrar og þriðju umræðu á þinginu að ákvæðinu yrði breytt. Í greinargerð meirihlutans kemur fram að það sé ekki í samræmi við „þá sterku jafnréttishugsun sem lögin byggja á að fjölgja sameiginlegum mánuðum um einn um leið og réttur hvors foreldris er jafnframt lengdur um einn.“ Þar með muni tími mæðra frá vinnu-markaði lengjast.

Því var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu. „Meirihlutinn telur að breytingin samræmist betur markmiðum laganna um að tryggja börnum samvistir við báða foreldra og stuðla að auknu jafnrétti kynjanna á vinnu-markaði.“

thorunn@frettabladid.is


**Nicotinell**

15% afsláttur

Lyfjaval APÓTEK Mjódd Álftamýri Bílaapótek Hæðasmára Lyfjaval.is • sími 577 1160

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 15°	Billund 9°	Gautaborg 6°	London 11°	Orlando 20°	San Francisco 13°
Basel 8°	Frankfurt 13°	Kaupmannahöfn 6°	Mallorca 16°	Oslo 1°	Stokkhólmur 2°
Berlín 9°	Friedrichshafen 7°	Las Palmas 22°	New York 2°	París 12°	

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður





**Holla**  
KJÚKLINGUR

**KJÚKLINGA-  
BRINGUR**

**2099KR/KG**

VERÐ ÁÐUR 2998.-

## KASJÚHNETUKJÚKLINGUR

fyrir 4 að hætti Rikku

700 g kjúklingabringur, skornar í bita  
1 msk kartöflumjöl  
salt og nýmalaður pipar  
1 msk smjör  
1 msk olía  
2 hvítlauksrif, pressuð  
1 cm engiferkubbur, saxaður

8 vorlaukar, hvítí hlutinn skorinn  
frá þeim græna og sneiddur  
2 msk hrísgrjónaedik  
4 msk hoisin sósa  
60 ml vatn  
100 g kasjúhnetur

Veltið kjúklingabitunum upp úr  
kartöflumjölinu ásamt salti og pipar.  
Steikið kjúklinginn í gegn upp úr olíunni  
og smjörinu á meðalheitri pönnu. Bætið  
hvítlauk, engifer og hvíta hlutanum af  
vorlauknum saman við og steikið áfram  
í 2-3 mínútur. Hellið hrísgrjónaedikinu

saman við og látið það sjóða upp.  
Bætið þá hoisin sósu og vatni saman  
við. Purrstið kasjúhneturnar og bætið  
þeim á pönnuna rétt áður en rétturinn  
er borinn fram. Sneiðið græna hlutann af  
vorlauknum og stráðið yfir kjúklinginn. Gott  
er að bera réttinn fram með hrísgrjónum.

## EITT MESTA ÚRVALIÐ Á BETRA VERÐI!



**NAUTA  
FRAMFILE**  
**3224KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 4299.-



**KJÚKLINGA-  
LEGGIR**  
**769KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 1098.-



**NAUTA  
PIPARSTEIK**  
**2744KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 3659.-

Gildir til 6. janúar á meðan birgðir endast.



**KJÚKLINGUR  
HEILL**  
**749KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 998.-



**ÚRBEINAD  
LAMBALAERI  
MARINERAD Í  
PATAK'S MANGO  
CHUTNEY**  
**1998KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 2498.-



**SS LAMBALAERI STUTT**  
**1499KR/KG**



**SS LAMBABÓGUR**  
**999KR/KG**

**OKKAR BESTA VERÐ**



**SS FROSIÐ  
LAMBKJÖT**

**24**  
Hagkaup  
**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARID?



1. Hvenær hefjast í Reykjavík tölur á Hollywood-mynd um Wikileaks?
2. Hve mikið hefur verið afskrifað af skuldum Höfðatorgs?
3. Hversu mörgum hefur Alþingi veitt ríkisborgararétt á kjörtímabilinu?

## SVÖRIN

1. Nína í janúar. 2. Fimmján milljarðar. 3. Tíuhundruð fjóru og tveimur.

# Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar, gagnrýndi hugmynd kirkjunnar um söfnun: Fjármál kirkjunnar og söfnun tvennt ólíkt

**SAMFÉLAGSMÁL** „Kirkjan er að fara fram á að almenningur sameinist um það að gera þetta að forgangsverkefni, og það er af því að neyðin er svo mikil. Spítalinn er í algerri öng,“ segir séra Birgir Ásgeirsson prófastur um þá tillögu Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands, að kirkjan standi fyrir söfnun til handa Landspítalanum.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, sagði í fréttum RÚV í gær að það skyti skökku við að kirkjan ætlaði að standa að slíkri söfnun. Kirkjan hefði sjálf þrýst mjög á að fá viðbótarfjárveitingu á fjárlögum en þeir fjármunir hefðu

annars getað farið í tækjakaup á spítalanum.

Séra Birgir segist undrandi á ummælum Sigríðar. „Kirkjan er ekki að fara fram á aukaframlag á fjárlögum heldur að hið opinbera skili þeirri innheimtu sem átt hefur sér stað fyrir hönd kirkjunnar.“ Ríkið hafi tekið að sér að innheimta sóknargjöld og greiðslur til trúfélaga og eigi að standa skil á því, sem ekki hafi verið gert að fullu.

Biskupinn sagði sjálfur á fésbókarsíðu sinni í gær að fjármálum kirkjunnar og landssöfnun fyrir Landspítalan ætti ekki að blanda saman. Kirkjan hefði fengið mikil og góð viðbrögð við hugmyndinni.



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR

BIRGIR ÁSGEIRSSON

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

## Ljósið endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð

Óskar eftir starfsmanni í eldhús sem fyrst til að útbúa léttar grænmetismáltíðir.

Væntanlegur starfsmaður þarf að hafa að leiðarljósi: **vinnusemi, jákvæðni, nýtni, heiðarleika og sveigjanleika.**

Vinnutími er kl. 10:00-13:30 fjóra morgna í viku.

Upplýsingar hjá Ernu Magnúsdóttur forstöðukonu í sím 6956636 eða á [erna@ljosisid.is](mailto:erna@ljosisid.is)



LJÓSIÐ

# Icesave-dómur fellur í lok mánaðarins

Verði íslenska ríkið sýknað af kröfum ESA fyrir EFTA-dómstólnum verður Icesave-málið að öllum líkindum úr sögunni. Ella kann í framhaldinu að verða höfðað skaðabótamál á hendur ríkissjóði Íslands í Héraðsdómi Reykjavíkur.

**DÓMSMÁL** EFTA-dómstóllinn mun kveða upp dóm í Icesave-málinu 28. janúar næstkomandi. Þetta kynnti dómstóllinn í gær. Verði íslenska ríkið sýknað verður Icesave-deilan að öllum líkindum úr sögunni en ella kann dómurinn að leiða til skaðabótamáls.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu í desember 2011 í kjölfar þess að þriðja Icesave-samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl sama ár.

Dómsmálið byggir á því mati ESA að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt við tilskipun um innstæðutryggingar. Telur ESA að íslenska ríkið hafi þar með brotið gegn EES-samningnum þegar eigendur Icesave-innstæðueinkinga fengu ekki greitt úr Tryggingasjóði innstæðueigenda í kjölfar falls Landsbankans.

Þá telur ESA enn fremur að þar sem innstæður í Landsbankanum á Íslandi, en ekki innstæður utan Íslands, voru færðar úr bankanum og inn í nýjan hafi íslensk stjórnvöld mismunað innstæðueigendum eftir löndum, sem er óheimilt samkvæmt 4. grein EES-samningsins.

Málið fjallar ekki um greiðsluskýldu Íslands vegna mögulegra sammingsbrota en gæti þó orðið grundvöllur að skaðabótamáli á hendur íslenska ríkinu. Slíkt dómsmál þyrfti að höfða fyrir íslenskum dómstólum. Þar sem allt útlit er fyrir að endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans muni standa undir forgangskröfum yrði þar deilt um vexti á Icesave-kröfu Breta og Hollendinga.

Þó gæti slíkur dómur strax haft



EFTA-DÓMSTÓLLINN Dæmi EFTA-dómstóllinn Íslandi í vil í Icesave-dómsmálinu í lok mánaðarins verður Icesave-deilan að öllum líkindum loks úr sögunni.

## Orðalag tilskipunar lykilatriði

Skriflegum málflytningi í Icesave-dómsmálinu lauk í júní síðastliðnum en á fyrri hluta ársins lögðu málsaðilar fram greinargerðir um afstöðu sína auk gagnsvara. Munnlegur málflytningur fór síðan fram í september. Í málflytningi ESA og framkvæmdastjórnar ESB var lögð áhersla á að tilskipunin um innstæðutryggingar væri skýr, enda hefði það aldrei gerst fyrr á EES-svæðinu að innstæðutryggingasjóður greiddi ekki neitt til innstæðueigenda.

Breski lögmaðurinn Tim Ward, sem flutti málið fyrir hönd Ísland, lagði aftur á móti á það áherslu að ekki væri kveðið á um skilyrði fyrir ríkisábyrgð á innstæðutryggingasjóðum í tilskipunum ESB. Þá benti hann á að enginn innstæðutryggingasjóður hefði getað brugðist við hruni á við það sem varð á Íslandi.

neikvæð áhrif á ríkissjóð með herra áhættuálagi á ríkisskuldabréf. Þannig hefur alþjóðlega matsfyrirtæki Moody's varað við því að neikvæð niðurstaða í Icesave-málinu myndi fella láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs í ruslflokk, en hún er sem stendur í lögsta fjárfestingarflokki. Í kjölfar stefnu ESA í desember

2011 tók framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) undir kröfur ESA og stefndi sér inn í málið með meðalgöngustefnu. Síðan hafa Bretland og Holland stutt málarekstur ESA með skriflegum athugasemdom en Noregur og Liechtenstein hafa aftur á móti lagt fram athugasemdir til stuðnings Íslandi. [magnusl@frettabladid.is](mailto:magnusl@frettabladid.is)

Feður sem myrtu mæður barna sinna geta stýrt lífi þeirra áfram:

## Með forræðið þrátt fyrir morð

**SVÍÞJÓÐ** Alls hafa mæður 179 barna í Svíþjóð verið myrtar frá því árið 2000. Feður 126 þessara barna hafa verið þeir sem myrtu mæðurnar. Þetta er niðurstaða úttektar sænska blaðsins Aftonbladet á morðum og drápum á konum. Sérstök rannsókn á aðstæðum 54 barna leiddi í ljós að í fjórum tilfellum af hverjum 10 eru feðurnir enn með forræði yfir börnunum. Í mörgum tilfellum geta feður sem banað hafa mæðrum barna sinna stýrt lífi barnanna frá fangelsinu og meðal annars gert athugasemdir við val á fósturheimili eða lyfjameðferð vegna veikinda barnanna. Feður geta einnig neitað að skrifa undir umsókn um vegabréf.

Í einu tilfellanna neyddist drengur sem varð vitni að morðinu á móður sinni til að gista hjá föður sínum í fangelsinu í mörg ár. Það var ekki fyrr en nýr starfsmaður hins opinbera fékk

mál drengsins í sínar hendur sem heimsóknirnar voru lagðar af. Í ljós kom að drengurinn hafði verið logandi hræddur við föður sinn. Börnin sjálf eru ekki alltaf spurð að því hvað þau vilja og hverjar þarfir þeirra eru. Rannsókn Aftonbladet leiddi í ljós að mörgum þeirra finnst þau vera svikin og yfirgefin.

Af þessum 126 börnum voru 63 heima þegar feðurnir myrtu mæðurnar, 33 sáu þegar mæðurnar voru myrtar og að minnsta kosti sjö komu að mæðrum sínum látum. Í raun misstu börnin báða foreldra sína því að feðurnir voru fangelsaðir eða frömdu sjálfsmorð.

Að minnsta kosti 201 kona í Svíþjóð hefur verið myrt af sambýlismanni eða fyrrverandi sambýlismanni frá árinu 2000. Alls hafa 179 börn í Svíþjóð misst móður sína vegna þessa.

**179**

mæður sænskra barna hafa verið myrtar frá aldamótum.

- ibs

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

## Áheyrnarprufur fyrir einsöngvara

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur áheyrnarprufur fyrir einsöngvara laugardaginn 23. febrúar 2013.

Valið verður í áheyrnarprufur út frá hljóðritum þátttakenda og er áhugasömum bent á að senda inn upptökur með söng sínum fyrir mánudaginn 28. janúar 2013 til:

Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
Hörpu, Austurbakka 2  
101 Reykjavík  
Merkt: Einsöngur

Nánari upplýsingar:  
Arna Kristín Einarsdóttir tónleikastjóri  
545 2506 / [arna@sinfonia.is](mailto:arna@sinfonia.is)

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) » Sími: 528 5050

**Air Crash Investigation**  
Flugslys krufin til mergjar og sökin fundin

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL

NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖÐ 2.15

# Epla útsala

Smáralind

15-50%

afsláttur  
af völdum vörum

## iPad 3



Wi-Fi

16GB **69.990.-** 16stk

32GB **89.990.-** 14stk

64GB **99.990.-** 23stk

Wi-Fi + 3G

32GB **109.990.-** 5stk

64GB **124.990.-** 3stk

## MacBook Pro 13" Retina

Útsöluverð: **299.990.-**

Verð áður: **349.990.-**



Dæmi um vörur á útsölu.



**B&W** - heyrnartól  
20-30% afsláttur



**GENEVA**  
20% afsláttur



**iLuv**  
25% afsláttur



**iHealth**  
20% afsláttur



**ION**  
30% afsláttur



**WalkOnWater**  
30% afsláttur



**SkullCandy**  
25% afsláttur



**Mini Cooper** - fjarstýrður  
50% afsláttur



**On Air JBL** - hátalari  
Útsöluverð: **49.990.-**  
Listaverð: 69.990.-



**On Beat Air JBL** - hátalari  
Útsöluverð: **34.990.-**  
Listaverð: 49.990.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda á meðan birgðir endast.

## Söluorgs rýmingarsala - sýningarvörur á frábærum verðum



Aðeins  
**2**  
stk

**MacBook Air 11" 64GB**  
Útsöluverð: **159.990.-**  
Listaverð: 189.990.-



Aðeins  
**1**  
stk

**MacBook Air 11" 128GB**  
Útsöluverð: **175.000.-**  
Listaverð: 249.990.-



Aðeins  
**3**  
stk

**MacBook Pro 13" 2,5GHz**  
Útsöluverð: **195.000.-**  
Listaverð: 229.990.-



Aðeins  
**1**  
stk

**iPod touch 8GB**  
Útsöluverð: **19.990.-**  
Listaverð: 39.990.-



Aðeins  
**8**  
stk

**iPod touch 64GB**  
Útsöluverð: **59.990.-**  
Listaverð: 86.990.-

**epli.is**

Smáralind

Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18  
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

## Bílslys í Kaupmannahöfn: Var ekin niður af læknabíl

**DANMÖRK** Tvítug kona slasaðist nokkuð í Kaupmannahöfn á nýársmorgni eftir að hafa orðið fyrir læknabíl við Ráðhústorgið.

Í frétt Politiken segir að læknabíllinn hafi fylgt sjúkrabíl á leið til að sinna fórnarlambi hnífstungu. Konan hafi stigið út á götuna milli bílanna með fyrrgreindum afleiðingum.

Hún var flutt á sjúkrahús þar sem hún gekkst undir aðgerð vegna beinbrota en var ekki talin í lífshættu. - þj

## Leitarstjóri norska olíufyrirtækisins Valiant Petroleum segir allt benda til að Ísland verði olíuríki: Leitarleyfi fyrir Drekasvæði gefin út í dag

**IÐNAÐUR** Allar rannsóknir benda til þess að Íslendingar verði olíubjóð, segir leitarstjóri Valiant Petroleum í Noregi. Leyfi fyrir olíuleit á Drekasvæðinu verða undirrituð af ráðherrum Íslands og Noregs í dag.

„Hann er mjög mikilvægur,“ segir leitarstjórinn Terje Hagevang um daginn í dag, „rétt eins og þegar olíustarfsemi hófst í Noregi 1965-66. Hún er hafin og á sér framtíð á sviði olíu- og gasvinnslu á íslensku hafsvæði. Það er ég sannfærður um. Þetta ræsir starfsemi.“ Hagevang er jarðfræðingur og stýrir olíuleitinni fyrir hönd Valiant-hópsins. Stöð 2 ræddi við hann í gær.

Fyrir fjórum árum opinberaði Hagevang það mat sitt að Jan Mayen-svæðið væri álíka auðugt og Noregshaf, og hann segir að nýjar rannsóknir hafi styrkt þá trú sína. „Dekking okkar byggð á endurvarpsmælingum og sýnum sýnir að aðstæður eru fyrir hendi fyrir olíu- og gasvinnslu og bergrannsóknir sýna virkt jarðoliukerfi þar. Allt er þar sem þarf til að finna olíu og gas.“

Hann segist telja að fyrsti olíuborþallurinn komi á Jan Mayen-svæðið eftir fimm til sex ár, en segir skattakerfið mun betra í Noregi fyrir olíuleit og því sé mögulegt að borun hefjist ekki Íslandsmegin þá. - kmu



**FARIÐ YFIR MÁLIN** Ola Borten Moe, olíu- og orkumálaráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra funduðu um olíumálin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FRÁ ÞÓRSHÖFN** Nýburum í Færeyjum fjölgaði milli ára.

Barnalán frænda vorra:

## Fleiri nýburar í Færeyjum 2012

**FÆREYJAR** Á nýliðnu ári fæddust 622 börn í Færeyjum, sem er nokkuð meira en árið 2011 þegar 576 börn fæddust. Á fréttavefnum Portalnum kemur fram að 596 barnanna hafi fæðst á Landssjúkrahúsinu í Þórshöfn.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu fréttir hefur Færeyingum hins vegar fækkað stöðugt frá árinu 2008, úr 48.700 niður í tæp 48.100 síðasta haust, og hafa íbúar eyjanna nokkrar áhyggjur af þeirri þróun.

Sérstaklega er horft til brottflutnings ungs fólks, sem getur haft í för með sér vítahring fólksfækkunar. - þj

Erill á Akureyri á síðasta ári:

## Slökkviliðið kallað út 2.306 sinnum

**AKUREYRI** Slökkvilið Akureyrar var kallað út 2.306 sinnum á nýliðnu ári. Það er um 8% fjölgun frá fyrra ári. 1.768 sinnum var liðið kallað út á sjúkrahúsum á nýliðnu ári, en það er um 13% aukning frá fyrra ári.

463 sjúkraflug voru á árinu 2012 þar sem 487 sjúklingar voru fluttir. Þar er um að ræða um 8% fækkun á flugum milli ára eða 11 flug. Fjöldi sjúkrafluga helst nokkuð stöðugur á milli ára, en þau hafa flest orðið 494 árið 2008. Sjúkraflutningamenn frá slökkviliði Akureyrar hafa farið í 4.916 sjúkraflug frá því 1997.

# Fórnarlömb nauðgana taka frekar áhættu á meðgöngu

Verðandi mæður sem hafa orðið fyrir nauðgun eru líklegri en aðrar til að reykja, vera of þungar og nota vímuefni, samkvæmt nýrri rannsókn. Allt eru fylgifyrirlýsingar, þunglyndis og kvíða.

**HEILBRIGÐISMÁL** Fórnarlömb nauðgana eru líklegri en aðrar verðandi mæður til að stunda áhættu- hegðun á meðgöngu. Þær konur sem hafa leitað til Neyðarmóttöku Landspítalans (LSH) vegna kynferðisofbeldis eru líklegri til að reykja, vera of þungar og nota ólöglega vímuefni á meðan þær eru ófrískar, en slíkt er oft fylgifyrirlýsingar, þunglyndis og kvíða.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar Agnesar Gísladóttur, doktorsnema í Lýðheilsufræðum við Háskóla Íslands. Agnes og samstarfsfólk hennar öfluðu gagna frá Neyðarmóttöku LSH um þúsund konur sem leitað höfðu til spítalans vegna kynferðisofbeldis á árunum 1993 til 2008 og fæddu barn eftir ofbeldið til apríl 2011. Afar fá börn, ef einhver, voru getin við nauðgunina. Til samanburðar voru um 1.700 konur valdar af handahófi, sem fæddu barn á sama tímabili en höfðu ekki leitað til Neyðarmóttökunnar.

Rannsóknin, Áhættuþættir og heilsa á meðgöngu hjá mæðrum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, er doktorsverkefni Agnesar. Þessir áhrifaþættir hafa aldrei verið skoðaðir áður svo vitað sé, en flestar erlendar rannsóknir skoða áhrif kynferðisofbeldis á unga þolendur. Þessi rannsókn nær til kvenna frá aldrinum þrettán ára og upp úr.

„Hér á landi er líka einstakt tækifæri til að taka saman gögn og vinna úr þeim án þess að hafa samband við konurnar og valda þeim þannig óþægindum,“ segir Agnes. Hún bendir á að kynferðisofbeldi hafi oft og tíðum langvarandi áhrif á heilsu brotþola og markmið rannsóknarinnar sé að skoða hvort mæðrum sem urðu fyrir kynferðisofbeldi á unglings- eða fullorðinsaldri sé hættara við að vera með áhættuþætti eða lakari heilsu á meðgöngu síðar á lífsleiðinni, samanborið við mæður sem ekki höfðu orðið fyrir slíku ofbeldi.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á stóru málþingi um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands í gær. sunna@frettabladid.is


## Purfa sérstakan stuðning

Helsti munur á milli hópanna tveggja fólst í reykingum á meðgöngu og líkamspýngd. Þær mæður sem hafa orðið fyrir nauðgun eru frekar of þungar og hætta síður að reykja. Vímuefnaneysla var ekki mikil innan hópanna, en þó meiri meðal þeirra mæðra sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi.

„Þetta bendir til þess að það þurfi að veita konum sem hafa orðið fyrir áföllum sérstakan stuðning á meðgöngu,“ segir Agnes. „Svo er líka vert að benda á að það hjálpar að draga úr reykingum. Þetta snýst ekki endilega um allt eða ekkert.“



**FYRSTA SINNAR TEGUNDAR** Doktorsverkefni Agnesar er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum svo vitað sé, en fram til þessa hafa rannsóknir aðallega beinst að áhrifum kynferðisofbeldis á unga þolendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Rafmagnið á heimilinu fær nýtt og spennandi hlutverk, laugardaginn 5. janúar, kl. 12:00. Verðum í sambandi.

**VOLT**  
-rafmagnaður





**15** **HEIMILISBÓKHALD OG SPARNAÐUR**  
JAN **FRÆDSLUFUNDUR**

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

**22** **LESTRARVIKA**  
JAN **ARION BANKA OG DISNEY-KLÚBBSINS**

Krakkar á öllum aldri eru hvattir til þess að vera með

**30** **MENIGA HEIMILISBÓKHALD**  
JAN **NÁMSKEIÐ**

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

## VIÐBURÐADAGATAL ARION BANKA

Arion banki býður fjölbreytt úrval af námskeiðum, fyrirlestrum, ráðstefnum og fundum, þátttakendum að kostnaðarlausu.

Meðal helstu viðburða í janúar er **Lestrarvikan** þar sem markmiðið er að hvetja krakka til að vera duglegir að lesa skemmtilegar bækur og skólaefni. Ekki skiptir máli hvað er lesið – allt telst með.

Veglegir vinningar verða dregnir út í lok vikunnar auk þess sem lestrarhestur Arion banka verður dreginn úr og fær iPad í verðlaun.

Þú finnur nánari upplýsingar og skráningu á viðburði janúarmánaðar á [arion.banki.is](http://arion.banki.is).

Allir velkomnir.



ÍSLENSKA FÓTBOLTALANDSLIÐIÐ Tveir hjartalækningar hyggjast rannsaka óeðlileg hjartalínurit hjá íslenskum knattspyrnumönnum.

# Geta ekkert aðhafst í deilunni við CBS

Menntamálaráðuneytið segist ekki geta aðhafst vegna kvartana íslenskra námsmanna undan tungumálaviðmiðum Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn (CBS). Dönsk stjórnvöld segja skólanum frjálst að setja viðmið um tungumálakunnáttu.

**MENNTUN** Menntamálaráðuneytið á Íslandi getur ekki aðhafst vegna meintrar mismununar í inntökukröfum Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn (CBS) um dönskukunnáttu. Þetta segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Einn þeirra námsmanna sem kvörtuðu hyggst halda málinu til streitu.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu kvörtuðu sex námsmenn hið minnsta til íslenska sendiráðsins vegna þess sem þeir töldu of háar kröfur. Meðal annars telja þeir það viðmið CBS um að íslenskir stúdentar hafi lokið átján einingum í dönsku sem jafngildi A-stigs prófi þar í landi vera óraunhæft þar sem einungis stöku skólar hér á landi bjóði upp á meira en níu einingar. Skólinn var einnig sakaður um mismunun með því að brjóta gegn sáttmála Norðurlandarríkjanna sem kveður á um að tungumál ríkjanna séu metin til jafns milli landanna.

Í samtali við Fréttablaðið hafnaði talskona CBS því að þetta væri mismunun. Sama krafa, A-stigs próf í dönsku, væri sett öllum sem sæktu um nám á dönsku við skólann. Einnig væri í boði að taka stöðupróf sem fram færu tvisvar á ári. Íslenska menntamálaráðuneytið sendi fyrirspurn til danska stjórn-



**TUNGUMÁLAEILA ÓÚTKLJÁÐ** Íslenska menntamálaráðuneytið segist ekkert geta aðhafst vegna meintrar mismununar Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar. Stjórnvöld ytra segja skólanum heimilt að setja viðmið um dönskukunnáttu en námsmaður sem var hafnað ætlar ekki að gefast upp.

valda um málið og fékk þau svör í síðasta mánuði að hver skóli mætti setja sín viðmið varðandi A-stigs próf og CBS væru innan marka.

„Við sjáum ekki að ráðuneytið geti aðhafst varðandi ákvarðanir einstaka háskóla sem virðast teknar innan ramma viðeigandi reglugerða,“ segir í svari ráðuneytisins. „Háskólinn kann hins vegar að bera ábyrgð gagnvart umsækjendum ef hann mismunar þeim eða gefur misvísandi upplýsingar.“

Einn námsmaðurinn sem fékk synjun, Gunnar Gíslason, segist í viðtali við Fréttablaðið ekki ætla að láta þetta stöðva sig. Rök Dananna séu meðal annars byggð á úreltri reglugerð um framhaldsskóla.

„Þetta er hrein og klár mismunun

einfaldlega af því að Norðmenn, Svíar og Finnar fá að skipta út sínu móðurmáli fyrir dönsku en ekki Íslendingar. Það stríðir líka klárlega gegn meðalhófsreglu að krefjast átján eininga sem ekki er hægt að uppfylla.“

Gunnar segist munu leita til umboðsmanns danska þingsins ef ráðuneytið fellst ekki á hans rök.

„Þetta fer svo fyrir dómstóla ef með þarf.“

Fréttablaðinu er ekki kunnugt um að fleiri af stærri háskólum Danmerkur geri sömu kröfur um dönskukunnáttu, en fyrir liggur að kennsluvið Háskóla Íslands tekur Norðurlandabúa inn í nám á íslensku án sérstakra skilyrða.

thorgils@frettabladid.is

Persónuvernd heimilar nokkrar forvitnilegar rannsóknir:

## Rannsaka brjóstverki, HIV og líkamsárásir

**VÍSINDI** „Klínísk einkenni kvenna sem komu á bráðamóttöku á Hringbraut vegna brjóstverkja í viku efnahagshrunsins 2008“, „Eðlisbreyting í störfeldum líkamsárásurum á 21. öldinni“ og „Algengi og þýðing óeðlilegs hjartalínurits hjá íslenskum knattspyrnumönnum“ eru yfirskriftir nýrra rannsókna sem eru meðal þeirra sem Persónuvernd hefur leyft að notuð

verði trúnaðargögn til að framkvæma.

Af öðrum rannsóknum sem Persónuvernd heimilaði í desember má nefna „Spítalablóðsýkingar á Vökudeild Barnaspítala Hringsins“, „HIV á Íslandi, 1983-2012“, „Árangur af lyfjameðferð við lifrabólgu C á Íslandi“, „Óútskýrður skyndidauði hjá flogaveikum“ og „Erfðafræðileg rannsókn þráláttra verkja“.

- gar

**Á sama tíma að ári**

Tilvalin fyrir hópferðir í leikhúsið

Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi

**Rómantískur gamanleikur**  
í leikstjórn Sigga Sigurjóns og Bjarna Hauks

**BYLGJAN** 989 | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

### 5 ÁRA EVRU-SKULDATRYGGINGARÁLAG RÍKISSJÓÐS 2010-2012



Skuldatryggingarálag ekki mælst lægra frá 2008:

## Áhyggjur af skuldastöðu ríkisins minnka

**1.500**

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs mældist hæst í október árið 2008 en þó fór það í 1.500 punkta.

**EFNAHAGSMÁL** Skuldatryggingarálag ríkissjóðs hefur lækkað um 20% á síðustu þremur mánuðum. Raunar hefur álagið lækkað jafnt og þétt frá miðju síðasta ári, mælist nú 182 punktar en var 312 punktar í byrjun júní.

Skuldatryggingarálag er ágætur mælikvarði á gjaldþrotaáhættu ríkissjóðs. Álagið er í raun það vaxtaálag sem fjárfestar krefjast á skuldabréf ríkissjóðs sem umbunar fyrir þá hættu að ríkissjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Lækkandi skuldatryggingarálag bendir því til þess að áhyggjur fjárfesta af skuldastöðu ríkisins fari minnkandi.

Áður en áhyggjur vöknudu af stöðu íslenska bankakerfisins seinni hluta árs 2007 var skuldatryggingarálag ríkisins undir tíu punktum þótt það hafi hækkað um tíma meðan á hinni svokölluðu

míní-krísu stóð árið 2006. Í kjölfar bankahrunsins fór álagið hæst í tæplega 1.500 punkta í október 2008 en hefur farið sífellt lækkandi síðan ef frá er skilinn kúfur haustið 2009.

Í september fór skuldatryggingarálagið niður fyrir 200 punkta í fyrsta sinn síðan sumarið 2008 en reis skömmu síðar aftur upp fyrir 200 punktana. Frá því í byrjun nóvember hefur álagið hins vegar haldist neðan við 200 punkta og var 182 punktar í gær.

- mþl

# LITRÍKT SKIPULAG Á NÝJU ÁRI!



**3 FYRIR 2**

**GEYMSLUKASSI  
60 LÍTRA  
2.498 KR/STK**




**3 FYRIR 2**

**GEYMSLUKASSI  
32 LÍTRA  
UNDIR RÚM  
1.998 KR/STK**



**LITLAR  
PLASTKÖRFUR  
2 Í PAKKA  
398 KR/STK**



**HERÐATRÉ  
ÝMSAR GERÐIR  
VERÐ FRÁ  
498 - 1.298 KR/PK**



**SPARIÐ PLÁSSID!  
SAMANBRJÓTANLEG  
BOX**



**MATAR-  
OG NESTISBOX  
Í MIKLU ÚRVALI.  
VERÐ FRÁ 298 KR/STK**



**netto**  
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda 3.-6. janúar

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Gekk berserksgang í þorpi: Myrti þrjár og var handtekinn

**SVISS, AP** Maður vopnaður riffli og skammbýssu myrti þrjár konur og særði tvo menn á miðvikudagskvöld í svissneska þorpinu Daillon.

Þegar lögregla kom á vettvang hótadi hann því að skjóta á lögreglumenn. Lögreglan sá sér ekki fært annað en að skjóta á hann, svo hann særðist. Að því búnu var hann handtekinn.

Maðurinn er íbúi í þorpinu en hefur sætt geðmeðferð síðan 2005.

-gb

Írar tóku við formennskunni í ráðherraráði Evrópusambandsins um áramótin:

## Segjast vissir um viðsnúning á árinu 2013

**EVROPUMÁL** Írland mun leggja höfuðáherslu á að vinna að efnahagslegum stöðugleika og gegn atvinnuleysi ungs fólks á meðan ríkið fer með formennsku í ráðherraráði ESB. Írar tóku við um áramót og leiða starfið út júnímánuð.

Talsmenn írskra stjórnvalda segjast vissir um að 2013 verði ár viðsnúnings í ESB, sem hefur strítt við mikla erfiðleika síðustu ár.

Sem formennskuríki leggur Írland línurnar í starfi ráðherraráðsins, þar sem ráðherrar aðildarríkjanna 27 ráða ráðum sínum í mismunandi málaflökum.

Auk fyrrnefndra mála stefna Írar að því að efla tæknigeirann með áherslu á lítil og meðal-

stór fyrirtæki, auka möguleika sem felast í náttúruauðlindum til sjós og lands og vinna að frekari viðskiptasamningum og stækkun ESB.

Undir formennsku Íra er búist við að áfram þokist í aðildarviðræðum Íslands við ESB en þó verði ekki hafnar viðræður um sjávarútvegs- og landbúnaðarmál fyrr en á seinni helmingi ársins, þegar Litháen hefur tekið við formennskunni.

Í stefnumótunarskjalum Írlands, Litháens og Grikklands, sem tekur við í janúar 2014, segir að rétt sé að efla aðildarferli Tyrklands og búist sé við því að viðræðurnar við Ísland geti komist á lokastig fyrir árslok.

-bj



**ÍRAR LEIÐA ESB** Írland stýrir nú starfi ráðherraráðs ESB í sjöunda sinn. Írar hyggjast leggja áherslu á stöðugleika í efnahagsmálum og baráttu gegn atvinnuleysi ungs fólks.

NORDICPHOTOS/AFP

## 7" ANDROID JELLY BEAN SPJALDTÖLVA

32GB



## KOMIN AFTUR!

nexus 7

Valin besta spjaldtölvan 2012 hjá T3

Nexus 7 passar fullkomlega í hendi og er sérstaklega meðfærileg, létt og þunn. Hæsti gæðaflokkur. Einstaklega öflugur fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi og 1GB vinnsluminni sem gerir hana mjög hraðvirka. Stórt og gott 32GB minni. IPS+ tryggir sérstaklega góða skerpu og litadýpt í skjánum auk þess sem hún kemur með Nvidia GeForce Tegra 3 skjákorti. Ótrúlega góður hljómur og allt að 9 tíma rafhlöðuending í HD afspilun.

59.990

tl.is

T3  
Awards 2012

TÖLVA  
LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



**BANDARÍSKIR HERMENN** Obama segist hafa hugleitt að neita að undirrita löginn.

NORDICPHOTOS/AFP

## Áfram ófær um að loka Guantanamo

Obama Bandaríkjaforseti segist nauðbeygður hafa staðfest lög sem gera honum áfram ókleift að loka Guantanamo-búðunum á Kúbu. Með lögnum tryggði hann Bandaríkjaher fjármagn til að halda áfram umsvifum sínum víða um heim.

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti undirritaði á miðvikudaginn lög um fjármögnun hernaðarumsvifa. Alls eru 633 milljarðar dala ætlaðir til þessa málaflökks á árinu, eða rúmlega 80.000 milljarðar króna.

Þetta er þó nokkru lægri upphæð en Bandaríkjaþing hefur veitt til hersins á undanförunum árum, en samdrátturinn skýrist meðal annars af minni umsvifum hersins, einkum í Írak og Afganistan.

Obama sagðist reyndar andvígur nokkrum ákvæðum lagabálksins, sem hann undirritaði engu að síður. Meðal annars gagnrýndi hann að áfram fylgdi lögnum ákvæði sem gera honum ókleift að flytja fanga frá Guantanamo-búðunum á Kúbu til fangelsa í Bandaríkjunum eða til annarra landa.

„Ég er enn þeirrar skoðunar að starfræksla búðanna grafi undan þjóðaröryggi okkar með því að kasta fjármunum á glæ, skemmi fyrir samskiptum okkar við mikilvæga bandamenn og styrki óvini okkar,“ segir í yfirlýsingu sem

Obama sendi frá sér við undirritun laganna.

Eitt af helstu kosningalofordum Obamas var að loka fanga-búðunum á Kúbu og flytja grunaða hryðjuverkamenn í fangelsi í Bandaríkjunum, þar sem hægt yrði að draga þá fyrir bandaríska dómstóla. Meirihluti repúblikana á þingi hefur hins vegar beitt laga-ákvæði af þessu tagi til að koma í veg fyrir að þau áform næðu fram að ganga.

„Áratugum saman hafa ríkisstjórnir bæði repúblikana og demókrata lögsótt með góðum árangri hundruð hryðjuverkamanna fyrir alríkisdómstólum,“ sagði Obama og fór ekki dult með andstöðu sína.

Í yfirlýsingu sinni segist Obama hafa hugleitt að neita að skrifa undir löginn af þessum ástæðum, eins og hann gerði á síðasta ári þegar hann undirritaði samskonar lög, en rétt eins og í fyrra hefði niðurstaðan orðið sú að nauðsyn þess að útvega hernum fé til að starfa áfram vægi þyngra



„Ég er enn þeirrar skoðunar að starfræksla búðanna grafi undan þjóðaröryggi okkar með því að kasta fjármunum á glæ, skemmi fyrir samskiptum okkar við mikilvæga bandamenn og styrki óvini okkar.“

Barack Obama  
forseti Bandaríkjanna

en andstaða forsetans við hluta laganna.

Niðurskurður á fjárframlögum til hersins er hluti af samkomulagi forsetans við þingmenn Repúblikanaflokksins sem gert var á síðustu stundu nú um áramótin.

gudsteinn@frettabladid.is

Iceland

# Hollari valkostur!



Weight Watchers vörurnar á frábæru verði



Weight Watchers  
Jalfrezi kjúlingur  
**750 kr.**  
320 g



Weight Watchers  
Kjúlingapottur  
**750 kr.**  
320 g



Weight Watchers  
súf-sætur  
Kjúlingur  
**750 kr.**  
320 g



Weight Watchers  
Chilli con carne  
**750 kr.**  
300 g



Weight Watchers  
Nauta- Ravioli  
**750 kr.**  
300 g



Weight Watchers  
Karrý kjúlingur  
**750 kr.**  
300 g



Weight Watchers  
Beef Lasagna  
**750 kr.**  
300 g



Weight Watchers  
Laxa Risotto  
**600 kr.**  
320 g



Weight Watchers  
Éclairs  
**600 kr.**  
6 stk. í pakka



Weight Watchers  
Franskar  
**800 kr.**  
1 Kg



Weight Watchers  
Ís  
**600 kr.**  
2 stk. í pakka

Opið frá 11 - 20 alla daga

Engihjalla og Granda

Weight Watchers  
Baðvog  
**5.900 kr.**  
Stafræn



# ÚTSALA

## ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

**JABRA HANDFRJÁLS BÚNAÐUR  
MEÐ ALLT AÐ 30-40% AFSLÆTTI**

TOSHIBA  
46WL863N  
46" LED

**TOSHIBA**

**FULLT VERÐ  
229.990**

**TILBOÐ  
169.990**

**AFSL. 60.000**

FINLUX  
55FLSY985LHC  
55" LED

**FINLUX**

**FULLT VERÐ  
249.990**

**TILBOÐ  
199.990**

**AFSL. 50.000**

FINLUX  
47FLSY910LHC  
47" LCD

**FINLUX**

**FULLT VERÐ  
159.990**

**TILBOÐ  
129.990**

**AFSL. 30.000**

**JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti**

**Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti**

OPIÐ LAUGARDAG 11 -17

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED  
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

# ÚTSALA

ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

OLYMPUS MYNDAVÉLAR  
MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI

THOMSON  
32FU5253W  
32" LED

**THOMSON**

FULLT VERÐ  
99.990

**TILBOÐ**  
**79.990**

AFSL. 20.000

PANASONIC  
TXP50X50  
50" Plasma

**Panasonic**

FULLT VERÐ  
179.990

**TILBOÐ**  
**139.990**

AFSL. 40.000

FINLUX  
42FLSY930LHC  
42" LED

**TOSHIBA**

FULLT VERÐ  
149.990

**TILBOÐ**  
**129.990**

AFSL. 20.000

Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk  
MINNISKORT  
ALLAR GERÐIR

Lenging fæðingarorlofs:

## Í þágu barna

**N**ý lög um fæðingarorlof tóku gildi nú um áramótin. Með nýju lögunum er fæðingarorlof lengt úr níu mánuðum í tólf og er sú breyting sannarlega til hagsbóta bæði fyrir börn og foreldra. Orlofsrétturinn er sem fyrr þrískiptur; réttindi móður, réttindi föður og sameiginlegur réttur sem foreldrar ráða sjálfir hvort þeirra nýtir.

Sú breyting sem varð á frumvarpinu á síðustu metrunum var afar mikilvæg. Í stað þess að þriggja mánaða lengingin legðist jafnt við alla hluta orlofsins er sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig aukinn úr þremur mánuðum í fimm og sameiginlegi rétturinn verður þá tveir mánuðir í stað þriggja áður.

Þá er einnig mikilvæg sú breyting að einhleypum foreldrum, konum sem hafa gengist undir tæknifrjóvgun og einhleypu fólki sem ættleiðir börn, er þrátt fyrir þetta tryggður fullur réttur til fæðingarorlofs. Þannig er börnum einhleypa foreldra tryggður jafnlangur

tími í samvistum við foreldri þótt aðeins eitt foreldri sé til staðar.

Reynslan hefur sýnt að sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs er að stærstum hluta nýttur af konum. Þannig hefur framkvæmd níu mánaða orlofsins, eins og gildi til áramótanna, verið sú að mæður hafa í langflestum tilvikum tekið orlof í sex mánuði og feður þrjá. Með því að leggja einn mánuð við hvern hluta orlofsréttarins væri líklegt að þorri kvenna yrði enn lengur frá vinnu en verið hefur. Því var það talið þjóna jafnréttishugsuninni sem liggur að baki lögunum betur að styrkja óframseljanlegan rétt beggja foreldra og draga fremur úr þeim sameiginlega.

Á það hefur verið bent að ástæðan fyrir því að konur taka frekar sameiginlega hluta fæðingarorlofsins en karlar sé sú að þeir hafi iðulega hærra tekjur en þær. Því komi orlof konunnar ekki eins við heimilisbókhaldið og orlof karlsins.

Þetta er því miður staðreynd því kynbundinn launamunur er hér ópolandi, auk þess sem mörg störf sem konur stunda frekar en karlar, svo sem umönnunar- og uppeldisstörf, eru verr metin til launa en störf sem krefjast sambærilegrar menntunar en fleiri karlar stunda. Við þessu á ekki að bregðast með því að konur taki enn lengra fæðingarorlof en áður heldur með því að halda áfram að berjast fyrir jafnari launum karla og kvenna.

Réttur beggja foreldra og þar með sjálfstæður réttur feðra til tóku fæðingarorlofs er einn af bautasteinunum í vegferðinni í átt til jafnréttis kynjanna. Ávinningurinn er tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að feður eiga þess kost að vera heima með börnum sínum og sinna heimilinu í kjölfar fæðingar barns. Þetta er bæði til hagsbóta fyrir feðurna og börnin, sem fá aukið tækifæri til að tengjast föður á fyrstu árum ævinnar.

Í öðru lagi jafnar minni framseljanlegur réttur stöðu kynjanna á vinnumarkaði vegna þess að kyn skiptir minna máli með tilliti til þess hversu líklegt er að starfsmaður fari í fæðingarorlof og hversu lengi. Þetta atriði vegur síðan þungt í baráttunni fyrir jafnari launum kynja þannig að þar er ávinningurinn tvöfaldur.

Breytingin er síðan ekki síður til hagsbóta fyrir þá feður sem kjósa að vera heima og annast barn sitt og heimili á fyrstu mánuðum ævi þess.



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Vík milli vinkvenna

Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi kynningarstjóri Baugs, skrifar varnargrein fyrir íslenska bankamenn í Fréttablaðið í gær – ekki í fyrsta skipti. Í greininni, sem er allrar athygli verð, er fast skotið, ekki síst á Evu Joly og embætti sérstaks saksóknara. Það hafa ekki verið létt spor fyrir Kristínu að stinga niður penna og gagnrýna Evu, því að þær þekkjast mætavel, eins og Kristín segir raunar sjálf, og í íslenskri þýðingu á bók Evu um Elf-málið svokallaða í Frakklandi birtist formáli eftir enga aðra en Kristínu Þorsteinsdóttur.



#### Vondur samanburður

Í greininni er þó að finna furðulegan samanburð: „Engin ástæða er til þess að ætla að góðir saksóknarar verði hristir fram úr erminni frekar en góðir bankamenn. Það á örugglega eftir að koma í ljós – vonandi áður en of mörg réttarmorð verða framín.“ Í fyrsta lagi er ljóst að íslenskir bankamenn mistugu sig hrapplega. Hér fór jú allt á hvolf. Embætti sérstaks saksóknara hefur enn ekki misstigið sig með þeim hætti. Það hefur náð fram sakfellingu í öllum hrunmálum sínum til þessa. Ætlaði Kristín kannski að sneiða að gjörvöllu dómskerfi landsins? Eru íslenskir dómarmar refsiglaðir og vondir? Kristín þyrfti að svara því.



#### Eina niðurstaðan

Karpið um það hvort það sé eðlilegt að hin ríkisstyrkta stofnun Þjóðkirkjan safni fjármunum fyrir ríkisstofnunina Landspítalann var fyrirsjáanlegt og slær vonandi ekki tóninn fyrir nýtt ár. Agnesi M. Sigurðardóttur biskup gengur auðvitað gott eitt til með þessu öllu saman en óhjákvæmileg niðurstaða hlýtur samt að vera sú ein að það er ólíðandi að Landspítalinn þurfi að reiða sig á gjafir fyrir tækjakaupum. Ef ríkissjóður hrekkur ekki til fyrir nauðsynjavörum á spítala landsins er forgangsröðunin einfaldlega röng. stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Guðbjartur á opnum fundi

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra sem býður sig fram sem formaður Samfylkingarinnar verður gestur á hádegisfundi Félags frjálslyndra jafnaðarmanna á efri hæðinni á Kaffi Sólon, föstudaginn 4. janúar kl. 12:00 - 13:15.

Stutt framsaga og opnar umræður.

Allir velkomnir!

## Gróðavegur – 3,5% afnotagjald

### SJÁVAR-ÚTVEGUR



Kristinn H. Gunnarsson fv. alþingismaður

Metafcoma varð í sjávarútvegi á árinu 2011. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað varð 80 milljarðar króna, eða 30% af öllum tekjum greinarinnar. Þetta er árið sem skilaði 25-30 milljarða króna tekjum af makrílveiðum án fjárfestingar í skipum né í búnaði að nokkru ráði. Þetta er árið sem veiðirétturinn á makríl kostaði aðeins 140 milljónir króna. Þetta er árið sem landsmenn öxluðu skattahækkanir og niðurskurð í heilbrigðiskerfinu en útvegsmenn öxluðu gróðann. Framlag þeirra til ríkisins í formi veiðigjalds var einungis 3,7 milljarðar króna. Hreinn hagnaður, það sem eftir stendur þegar allt er tiltekið, varð 60 milljarðar króna. Það er helmingur af váttryggingarverðmæti alls fiskiskipaflosts.

Stjórnarflokkarnir komust til valda 1. febrúar 2009. Eitt stærsta baráttumál þeirra var að breyta tekjuskiptingunni þannig að aukinn hluti þess sem þegar er greitt fyrir veiðiréttinn á Íslandsmiðum rynni til þjóðarinnar og minna til handhafa kvótans. Síðan eru liðin þrjú metár í sjávarútvegi 2009-2011. Svonefnd EBITDA, hagnaður af rekstri í veiðum og vinnslu til þess að standa undir afskriftum og fjármagnskostnaði, varð samtals 207 milljarðar króna.

Hagnaður þessara þriggja ára er fáheyrður og jafngildir helmingi af öllum skuldum greinarinnar. Samanlögð gjaldtaka fyrir afnotin af fiskimiðunum, veiðigjaldið, var „hóflæg“, 7 milljarðar króna á þessum gróðaárum. Ríkisstjórnin lét gróðaveg útgerðarinnar ósnertan, þar til nú undir blálok kjörtímabilsins. Hún afhenti nánast ókeypis aðgang að veiðum á nýjum fisktegundum. Gjaldið fyrir aðganginn að fiskimiðunum var 3,5% en gjaldið fyrir aðganginn að heilbrigðiskerfinu er komið upp í 20%.

Áfram verður útgerð á Íslandsmiðum gróðavegur. Það er m.a. vegna þess að útgerðarmenn og sjómenn eru harðduglegir, útsjónarsamir og framfarasinnaðir. En það er líka vegna þess að fiskimiðin eru auðnýtanleg og einstaklega gjöful af verðmætum fisktegundum. Góðar tekjur fást með tiltölulega litlum stofnkostnaði.

Heildartekjur útgerðarinnar einnar eru um 160 milljarðar króna en váttryggingarverðmæti flotans aðeins um 120 milljarðar króna. Árlegar afskriftir eru aðeins 8 milljarðar króna. Þetta er ástæðan fyrir því að kvótinn, veiðirétturinn, er svo hár í verði sem raunber vitni; það er svo mikil hagnaðarvon. Útgerð er gróðavegur.



# Að trufla ekki umferð

## Í DAG

Pawel Bartoszek  
stærðfræðingur



Á seinasta degi ársins 2012 hljóp ég ásamt um þúsund öðrum í Gamlárshlaupi ÍR. Annað árið í röð var hlaupið fram og til baka eftir Sæbrautinni með smá hring um hin fögru stræti Klettagarða og Vatnagarða, framhá gáma- og iðnaðarsvæðum þar sem maður ímyndar sér að vondir karlar í bíomyndum lemji góðu karlarna með röri til að fá upp úr þeim lykilorð að móðurtölvu FBI.

En allt í lagi. Ég ætla ekki að hefja nýja árið með heljarinnar skeifu og auðvitað er ég massaþakklátur öllum þeim sem skipulögðu hlaupið, sérstaklega þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem klöppuðu fyrir manni á leiðinni í veðri sem var margfalt erfiðara þeim sem stóðu en þeim sem hlupu. Ég er bara að segja: Reykjavík getur boðið betur.

Gamlárshlaupið var þar til fyrir ári hlaupið eftir svipaðri leið og 10 kílómetrarnir í Reykjavíkurmaraþoninu, hringinn í kringum Vesturbæ Reykjavíkur og Sel-tjarnarnes. Í fyrra var gerð breyting þar á og rás- og endamarkið flutt í Hörpu og hlaupið meðfram sjó. Harpan hentar reyndar vel þegar hýsa á margmenni en ég veit ekki með það að láta fólk hlaupa svo langt frá öllu mannlífi.

Jú, kannski þvælast hlauparar fyrir fæstum með þessu móti. Fæstum bílum það er að segja.

“Ef gera á götuhlaup í Reykjavík betri þarf að fjölga Lynghögum og Lindarbrautum á leiðinni en ekki að fækka þeim. Jafnvel þótt það þýði „tafir á umferð“.

Menn geta keyrt Nesveginn ótruflaðir. En mikið asskoti er þetta leiðinlegt. Eini maðurinn sem yrti á mig, að sjálfboðaliðum undanskildum, sat fastur í bíl í Vatnagörðum og muldraði eitthvað í áttina til mín, með sigarrettu í annarri. Ég ímynda mér að hann hafi sagt: „Áfram, Pawel, þú getur þetta!“ Ég er þó ekki viss.

### Lynghaginn

Allir sem einhvern tímann hafa reimað á sig skóna og hlaupið í Reykjavíkurmaraþoninu hljóta að kannast við þá upplifun að hlaupa í gegnum Lynghagann. Þar koma íbúarnir allir fram á stétt með dollur, skilti og tónlist og hvetja fólk til dáða. Svipuð stemning tekur svo aftur við þegar hlaupið er í gegnum Lindarbraut úti á Sel-tjarnarnesi.

Djasshljómsveitir, pepptónlist úr hátölurum, fólk að kæla hlaupara með garðslöngum í heitu veðri. Stuð.

Það er auðvitað engin hlaupaleið meitluð í stein. Alltaf má reyna að gera betur. En reynum þá að gera betur. Ef gera á götuhlaup í Reykjavík betri þarf að fjölga Lynghögum og Lindarbrautum á leiðinni en ekki að fækka



þeim. Jafnvel þótt það þýði „tafir á umferð“.

Best heppnuðu almenningshlaupin erlendis eru einmitt eftirsótt vegna þeirrar stemningar sem skapast meðal hlaupara og áhorfenda. Góð götuhlaup eru eins og samfelld röð Lynghaga og Lindarbrauta. Það á til dæmis við um maraþonhlaup sem haldið er á hverju hausti í bænum Berlín í norðausturhluta Þýskalands. Flestum þekktum götum bæjarins, til dæmis Unter den Linden, 17. júní stræti og Kurfürstendamm, er lokað bróðurpart laugardags og sunnudags. Varlega áætlað búa tvær milljónir manna

á því svæði sem þær lokanir ná yfir. En samt eru það hinir rúmlega 40 þúsund keppendur sem njóta forgangs þá helgi. Þá er forgangsraðið í þágu mannlífs, ekki umferðar.

### 8.777 klukkustundir

Liðið ár taldi 8.784 klukkustundir. Af þeim var Nesveginn kannski lokað fyrir akandi umferð í um sex tíma í tengslum við Reykjavíkurmaraþonið. Hinar 8.778 klukkustundir ársins fengu bílstjórar að hafa Nesveginn út af fyrir sig. Lífið færi auðvitað ekki á hliðina þótt sú tala færi niður í 8.777.

Nú hef ég heyrt að einhverjir öikumenn hafi keyrt á sjálfboðaliða sem stýra umferð í tengslum við svona hlaup og ég hef sjálfur séð bíla reyna að brjóta sér leið í gegnum þvögu fólks, flautandi á allt og alla.

Það er engin ástæða til að beygja sig undir svoleiðis ribbaldahátt. Ef götum er lokað tvisvar á ári vegna hlaupa og þær lokanir eru auglýstar með góðum fyrirvara geta þeir sjálfum sér um kennt sem þurfa að biða í hálf-tíma til að aðrir geti notið götunnar. Þeir geta þá huggað sig við að fá að hafa hana út af fyrir sig hinar 8.777 klukkustundir ársins.

# Raunveruleg meðferð kvörtunarmála landlæknisembættisins

Þann 29. desember síðastliðinn birtist grein eftir Geir Gunnlaugsson landlækni og Önnu Björgu Aradóttur, sviðsstjóra landlæknisembættisins. Sú grein var svar við grein minni tveimur dögum áður sem fjallaði um hvernig málsmeðferð kvörtunarmála væri hátt-

## HEILBRIGÐIS-MÁL



Árni Richard Arnason  
verkfræðingur

→ Úrskurðinum var hnekk af velferðar-ráðuneytinu, m.a. vegna fjölda rangfærslna, órökstuddra fullyrðinga og óhlutleysis umsagnaraðila.

að ef embættið færi eftir lögum, sem á lítið skylt við mína reynslu. Mig langar til að nýta tækifærið og gefa lesendum frekari innsýn í vinnubrögð embættisins.

Þegar almenningur kvartar yfir málsmeðferð embættisins til æðra stjórnvalds þá svarar embættið gjarnan í sama stíl og fyrrnefnd grein embættisins var, þ.e.a.s. með yfirborðslegum skrifum um lög landlæknis og að embættið vinni „ítarlega og faglega“. Flestar hinna efnislegu athugasemda eru hunsaðar eða þeim svarað með útúrslunum. Skoðum þessa grein nánar.

### Útúrsluningataktík

Í greininni er reynt að láta líta út fyrir að ég hafi fyrst og fremst verið ósáttur við niðurstöðu embættisins í kvörtunarmáli mínu. Það er dæmigerð útúrsluningataktík embættisins. Úrskurðinum var hnekk af velferðar-ráðuneytinu, m.a. vegna fjölda rangfærslna, órökstuddra fullyrðinga og óhlutleysis umsagnaraðila og vegna þess að annar umsagnaraðilinn var meðeigandi Lækna-stöðvar Orkuhússins þar sem meint mistök voru gerð. Hvort tveggja eru óeðlileg og alvarleg brot á stjórnsýslulögum.

Landlæknir hefur ekki mandóm í sér til að nefna þetta eða biðjast afsökunar á því, jafnvel

þó að æðra stjórnvald hafi úrskurðað brotin. Þess langar til að nýta tækifærið og gefa lesendum frekari innsýn í vinnubrögð embættisins. Þegar almenningur kvartar yfir málsmeðferð embættisins til æðra stjórnvalds þá svarar embættið gjarnan í sama stíl og fyrrnefnd grein embættisins var, þ.e.a.s. með yfirborðslegum skrifum um lög landlæknis og að embættið vinni „ítarlega og faglega“. Flestar hinna efnislegu athugasemda eru hunsaðar eða þeim svarað með útúrslunum. Skoðum þessa grein nánar.

### Pungar áhyggjur

Fögur orð landlæknisembættisins um vinnubrögð sín mega teljast furðuleg í ljósi þess að nýverið hafði umboðsmaður Alþingis það til skoðunar að hefja frumkvæðisathugun á stjórnsýslu landlæknisembættisins. Lendingin í því máli var að senda þá starfsmenn embættisins sem koma að kvörtunarmálum í stjórnsýsluskóla Stjórnarráðsins. Á heimasíðu umboðsmanns Alþingis, frá 17. október 2012, má lesa að „ef til efni gefst til verður á ný tekin afstaða til þess hvort ráðist verður í frumkvæðisathugun á stjórnsýslu landlæknis“. Þetta sýnir að umboðsmaður Alþingis hefur þungar áhyggjur af vinnubrögðum landlæknisembættisins.

# SSD DISKAR AF MÖRGUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Eigum á lager mikið úrval af SSD diskum frá Corsair, OCZ, Samsung og SanDisk.



SAMSUNG

## 120GB SSD DISKUR

Öflugur diskur úr 840 seríunni frá Samsung með þriggja kjarna MDX stýringu.

21.990



CORSAIR

## 60GB SSD DISKUR

Hágæða Force 3 SSD diskur frá Corsair. 525MB á sekúndu leshraði og 490MB skrifhraði.

13.990

tl.is

TÖLVU LISTINN



**ÚTSALA**  
SPARAÐU ALLT AÐ

**50%**

– EINNIG AF FISHER PRICE, BARBIE, PLAYMOBIL OG BÍLUM!

TILBOÐ  
Á MEIRA EN  
**800**  
VÖRUM!

**MIKIÐ ÚRVAL  
– KOMDU  
OG SJÁÐU!**

**ToysRUs**

**IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!**

AKUREYRI: Glerártorg, sími 461 4500 ★ GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur, sími 585 0600  
KÓPAVOGUR: Smáratorg, sími 550 0800

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast og þá aðeins fyrir valdar vörur. Fyrirvarar eru gerðir við mögulegar prentvillur eða að varan kunnii að vera uppseld. Við getum ekki ábyrgst að vörurnar séu fánlegar í öllum verslunum okkar.



Opel Ampera rafmagn  
1,2 l á 100 km í blönduðum akstri\*  
27 CO<sub>2</sub> /100 km  
Verð frá 8.190.000 kr.



VERIÐ VELKOMIN Í ÁRMÚLA 17

# OPEL – NÝIR ÞÝSKIR BÍLAR.

Astra GTC 1,4 Turbo bensín  
6 gíra sjálfskiptur  
6,8 l í blönduðum akstri\*  
159 CO<sub>2</sub> /100 km  
Verð frá 5.190.000 kr.



Opel Zafira Tourer 2,0 dísil  
7 manna / 6 gíra beinsk  
4,5 l á 100 km í blönduðum akstri\*  
119 CO<sub>2</sub> /100 km  
Verð frá 5.190.000 kr.



Opel Insignia 2,0 dísil  
6 gíra beinskíptur  
4,4 l á 100 km í blönduðum akstri\*  
114 CO<sub>2</sub> /100 km  
Verð frá 4.990.000 kr.



Opel Corsa 1,3 dísil  
5 gíra beinskíptur  
3,5 l á 100 km í blönduðum akstri\*  
95 CO<sub>2</sub> /100 km  
Verð frá 3.290.000 kr.



## OPEL BÝÐUR ALLAR GERÐIR NÝRRA BÍLA MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

Hinn magnaði rafbíll Opel Ampera, sem kosinn var bíll ársins 2012, er til sýnis og reynsluaksturs.

Nýja línan frá Opel hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir fallegt yfirbragð og vandaðan frágang hvar sem á er litið.

Verið velkomin að reynsluaka einhverjum af nýju bílunum frá Opel í söluumboði Opel í Ármúla 17.



Wir leben Autos.

\*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri



Í 80 ÁR

Penninn á sér langa verslunarsögu á sviði ritfanga, bóka og húsgagna. Þann 22. desember 2012 voru 80 ár síðan fyrsta verslun Pennans var opnuð. Penninn þakkar landsmönnum fyrir viðskiptin og samfylgdina í þessi áttatíu ár.



### Penninn selur minjagripi

Penninn var lengi eina verslunin sem seldi minjagripi. Baldvin lét prenta póstkort með myndum af landinu. Hann keypti allar nothæfar filmur sem hann komst yfir og lét prenta kort í Lübeck í Þýskalandi. Póstkortin urðu með árunum illfánleg og eru nú eftirsótt af söfnurum.



### Leitz vörurnar seldar hjá Pennanum

Þýsku skrifstofuvörurnar frá Leitz voru meðal þeirra fyrstu sem Penninn fékk umboð fyrir.



### Penninn hefur sölu á Ball Pentel

Ball Pentel hefur verið vinsælasti kúlupenninn hjá Pennanum frá upphafi.



### Penninn stofnaður

Bræðurnir, Baldvin Pálsson Dungal og Halldór Pálsson Dungal, stofnuðu Pappírs- og ritfangaverslunina Pennann þann 22. desember árið 1932. Verslunin var staðsett í Ingólfshvoli á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Helsti tilgangur fyrirtækisins var innflutningur, heildsala og smásala á pappírsvörum og öðrum ritföngum.



### Penninn opnar á Laugavegi

Árið 1942 opnaði Penninn aðra verslun á Laugavegi 68.



### Penninn opnar í Hallarmúla

Árið 1974 opnaði Penninn verslun við Hallarmúla og flutti þangað innflutningsdeild og skrifstofu fyrirtækisins.



### Penninn Húsgögn

Um það leyti sem Penninn átti 50 ára afmæli hófst innflutningur á skrifstofuhúsgögnum og vísir að húsgagnadeild varð til. Sala á skrifstofuhúsgögnum fór fljótt og vel af stað og er nú stór hluti af starfsemi Pennans.

# Afmælisveisla 4. janúar

Starfsfólk Pennans býður til afmælikaffis í öllum verslunum Pennans og Eymundsson föstudaginn 4. janúar. Frábær tilboð og léttar veitingar!

Í Pennanum fögnum við þessum tímamótum allt árið með skemmtilegum viðburðum og góðum tilboðum til viðskiptavina.



JANÚAR TILBOÐS BÆKLINGURINN KOMINN!



## Gunnar Dungal tekur við Pennanum



Árið 1969 lést Baldvin P. Dungal og tók þá Gunnar Dungal við rekstrinum, rúmlega tvítugur að aldri. Hann rak fyrirtækið með glæsibrag til ársins 2005 þegar hann seldi reksturinn.



## Penninn - VITRA

Penninn fær umboð fyrir VITRA vörum.



## Umhverfisvænn penni Ballograf Cygnum

Penninn hefur sölu á Ballograf Cygnum, eina Svansmerkta kúlupennanum sem til er.



## Penninn og Eymundsson

Penninn keypti rótgrónar verslanir Eymundsson í Austurstræti, Kringlunni og Borgarkringlunni árið 1996. Á árinu 1998 voru gerðar breytingar á götuhlið Austurstræti 18 og nýjar innréttingar settar upp í versluninni. Umsvif heildverslunar og fyrirtækjaþjónustu jókst til muna á þessum tíma.



## Penninn um land allt

Penninn keypti Bókval á Akureyri árið 1999 og gerði í framhaldi samning við fjórar bókaverslanir á landsbyggðinni; í Vestmannaeyjum, Ísafirði, Keflavík og Akranesi. Með þessu varð til net „Pennavina“ um land allt.



## Penninn kaupir Islandia

Árið 2006 keypti Penninn verslanir Islandia. Þar með jók Penninn hlutdeild sína aftur í ferðamannatengdum rekstri.



## Penninn í 80 ár

Árið 2011 opnaði Penninn nýjar höfuðstöðvar á Grensásvegi 11. Jafnframt var þar opnuð glæsileg húsgagnaverslun. Penninn rekur öfluga fyrirtækjaþjónustu og eru verslanir Pennans staðsettar víðs vegar um landið.

**50% AFSLÁTTUR**



# 50% afsláttur af ÖLLUM dagbókum 4. janúar



## Penninn Hallarmúla 4

## Penninn og Eymundsson um land allt

Penninn Húsgögn - Grensásvegi 11    Penninn Keflavík - Sólvalldagötu 2    Penninn Akranesi - Dalbraut 1    Penninn Ísafirði - Hafnarstræti 2    Penninn Akureyri - Hafnarstræti 91-93    Penninn Vestmannaeyjum - Faxastíg 36

Penninn TRS Selfossi    Penninn-Vaskur Egilsstöðum    Eymundsson Austurstræti 18    Eymundsson Mjódd    Eymundsson Kringlunni norður    Eymundsson Kringlunni suður    Eymundsson Skólavörðustíg 11    Eymundsson Smáralind    Eymundsson Hafnarfirði

# Af hverju undanþágur frá ESB-reglum?

Mér varð það á að lenda í orðaskaki við góðan vin minn út af ESB. Það hefði ég ekki átt að gera, því orðaskaki, svo ekki sé talað um rífrildi, skilar engu nema sáru sinni. En tilefni orðaskaksins er þó þess virði að það sé rætt. Vinur minn fullyrtri, og fékk ákafan stuðning flestra borðfélaga okkar, að það væri fyrir fram vitað að við fengjum engar undanþágur frá reglum ESB. Það færðu því ekki fram neinar samningaviðræður, heldur ætti sér stað aðlögunarferli að regluverki ESB. Mér gremst fátt jafnmikið og þegar fólk gefur sér niðurstöðu úr óorðnum atvikum fyrir fram; tala nú ekki um þegar um samningaviðræður er að ræða. Enginn veit fyrir fram hvað út úr fjölbjöldlegum samningaviðræðum kemur. Stundum kemur heilmikið, eins og t.d. bæði úr viðræðum okkar um EES og jafnvel við inngöngu okkar í NATO. Í báðum tilvikum fengum við varanlegar undanþágur. Í EFTA-viðræðunum drógum við þó nokkrar undanþágur að landi. Þegar við gengum í Sameinuðu þjóðirnar var engin undanþága í boði. Allar þjóðir sem gengið

## EVROÞUMÁL



Pröstur Ólafsson  
hagfræðingur

hafa í ESB hafa fengið undanþágur frá meginregluverki sambandsins, ýmist tímabundnar eða varanlegar, allt eftir því hve mikilvægur viðkomandi málaflokkur var hverri þjóð. Hver niðurstaða verður hjá okkur get hvorki ég né aðrir fullyrtri neitt um. Það er hins vegar afar ólíklegt að þær verði ekki einhverjar. Hvaða máli þær muni skipta okkur, þegar upp er staðið, er svo annað mál.

## Gagnkvæmi eða undanþágur

Þegar bent er á samningsmarkmið okkar gagnvart ESB spyr almenningur um undanþágur. Undanþágubeiðni hafa verið veganesti íslenskra samningamanna allt frá því að við fyrst ræddum við Dani um viðskipti og gagnkvæm réttindi. Það sagði mér maður sem hefur tengst samningaviðræðunum í Brussel að undanþágubeiðni okkar séu að fjölda til svipaðar og allar undanþágubeiðni annarra þjóða, sem sótt hefðu um aðild að ESB. Þótt þetta séu eflaust ýkjur segir þetta sína sögu. Undanþágur beinast að almennum reglum en einnig að ákveðnum málaflokkum

sem við viljum halda óskertu forræði yfir. Þar ber hæst að halda fiskveiðiauðlindinni út af fyrir okkur. Flestir Íslendingar munu vera sammála um að það sé frágangssök, sé því ekki náð. Við viljum þó að íslenskum útgerðarmönnum sé leyft að eiga evrópskar útgerðir með veiðirétti. En kjarni þessa máls snýr ekki að ESB heldur okkur sjálfum. Við teljum okkur trú um að við verðum undir í þessum heimi nema aðrar þjóðir veiti okkur undanþágur frá meginreglum í samskiptum þeirra. Á þessu er því miður alið með skírskotun til fámennis. Höfum við þó sýnt að við stöndumst samanburð ágætlega. Okkur hefur ætíð vegnað best þegar samskiptareglur okkar við aðrar þjóðir voru gagnkvæmar og viðskiptin frjáls.

## Purfum við undanþágur?

Eru almennar og viðtækari undanþágur í reynd eftirsóknarverðar fyrir okkur? Styrkist samkeppnishæfni þjóðarinnar við fleiri og rammgerðari undanþágur frá þeim reglum sem aðrar þjóðir þurfa að gangast undir? Samkeppnishæfnin er sífellt að verða mikilvægari mælikvarði á velgengi og velmegun þjóða. Undan-

þágur eru forgjöf í samskiptum þjóða. Þegar forgjöfin fellur niður, eins og alltaf verður að lokum, verður erfitt að standast þeim snúning sem enga forgjöf fengu. Þannig er hagrænni samkeppni þjóða einnig farið. Við sjáum það greinilega nú í krepplunni. Þær þjóðir sem búið hafa við verndun standast hinum ekki snúning. Fyrirnefndar þjóðir hafa tekið mikil erlend lán til að viðhalda óbreyttum lífnaðarháttum innanlands, því eigin hagkerfi megnuðu það ekki. Eyðslan var of mikil.

## Práhyggja og sérhagsmunir

Það hefur verið íslensk þráhyggja að hér gildi allt önnur lögmál en annars staðar. Langvarandi einangrun í bland við innlenda kúgun leiddu af sér eymd sem var langt umfram það sem var í nágrannalöndunum. Við dagsbrún nýrra tíma afsökuðum við afkáraskap, niðurníðslu og afturför með því að segja aðstæður hér sérstakar, einstakar og ósamanburðarhæfar við önnur lönd, auk þess sem Danir fengu sinn skerf. Við erum enn við svipað heygarðshorn. Þorum ekki að taka á því sem breyta þarf, t.d. landbúnaði. Við viljum undanþágu fyrir landbúnað, svo stórhlti bænda megi enn um sinn

→ Undanþágubeiðni hafa verið veganesti íslenskra samningamanna allt frá því að við fyrst ræddum við Dani um viðskipti og gagnkvæm réttindi.

hírast undir fátæktarmörkum. Einangrun í ræktun og framleiðslu leiðir af sér stöðnun og afturför. Afkoma íslenskra smábænda verður traúla bætt nema með aðlögunaraðstoð utan frá. Við þurfum að færa landbúnaðinn til þess horfs að bændastéttin geti lifað mannsæmandi lífi. Nú gera það bara stórbændur. Sennilega skýrist heiftúðug andstaða stórbændaforystu bændasamtakanna gegn aðildarumsókn á því, að þeir óttast, að afkoma smábænda muni batna verulega við inngöngu í ESB, en þeirra eigin standa í stað. En auðvitað vita þeir ekkert um niðurstöðuna. Það er beinlínis fátánlegt að hanga á viðtækum varanlegum undanþágum fyrir landbúnaðinn til að halda lífi í tekjulægsta framleiðslukerfi á Vesturlöndum. Semjum heldur um aðlögun að skynsamara og framfærðarvænna landbúnaðarkerfi.

# Gróf aðför RÚV að íslensku samfélagi

Friður 2000 hefur um árabil vakið athygli á hættum sem að börnum getur steðjað frá ofbeldisefni í fjölmiðlum. Fjölmarginar rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi í fjölmiðlum eykur hættu á ofbeldi í samfélaginu.

## FJÖLMIÐLAR



Ástþór Magnússon  
stofnandi Friðar 2000

Samkvæmt lögum og reglum um starfsemi RÚV ber ríkisfjölmiðlunum skylda að standa vörð um íslenska tungu og menningu. Lögin eru reglulega brotin af RÚV og mjög gróflega sl. gamlárskvöld með áramótaskaupi sem fór út yfir öll landamæri friðar og velsæmis. Með útsendingunni braut RÚV m.a. 1. gr. laga um Ríkisútvarpið og 27. gr. fjölmiðlalaga auk fleiri greina almennra hegningarlaga.

Í áramótaskaupi RÚV 31. desember var nauðgurum gert hátt undir höfði og þeim kennt að kaupa tjald yfir glæpi sína. Ofbeldi lyft hæðum herra og áhorfendum kennt að bregðast við þjóðfélagsgagnrýni með hnefaskaki. Beinlínis var sýnt hvernig slá skal niður mann og lagt til að skjóta annan með haglabyssu. Þá var forseti þjóðarinnar sýndur

sem ofbeldisseggur og klappað fyrir. Aldraðir og öryrkjar voru svívirtir. Lög og regluverðir lítilsvirtir. Fjöldamorð sýnt sem eðlilegur verknaður í baráttu um peningavöld. Blaðið sem heldur úti sora íslenskrar blaðamennsku og tungu fékk reglubundin auglýsingainnskot.

## Samfélag ofbeldis

Viljum við Íslendingar samfélag ofbeldis þar sem skólabörn eru murkuð niður af fjöldamorðingjum? Þar sem tugir þúsunda manna eru limlestir og drepnir af tilefnislausu á almannaþæri á hverju ári? Slíkt samfélag er nú að finna í uppsprettu ofbeldismyndanna, í Bandaríkjunum. Í Chicago jókst ofbeldið um 50% á liðnu ári. Í þessari einu borg voru 532 drepnir og tugir þúsunda sárir þetta árið. Ofbeldið er orðið svo samofíð samfélaginu að á síðustu tíu árum hefur helmingi fleira fólk verið drepið í götum Chicago en bandarískir hermenn í Afganistan á sama tíma. Tugir manns eru drepnir í Bandaríkjunum á hverjum einasta degi og þykir varla

frétt næmt lengur. Ekki er liðinn mánuður frá þjóðarsorg vegna fjöldamorðs vestan við okkur, en þar eru að meðaltali um tuttugu fjöldamorð á hverju ári. Austan okkar eru nokkrar vikur síðan hjúkrunarkona framdi sjálfsmorð eftir aðför ósmekklegra fjölmiðlaskrípa. Viljum við stýra íslensku friðarsamfélagi í þessi spor?

Friður 2000 hefur fylgst með þessari þróun um árabil. Við framleiddum og afhentum RÚV fyrir mörgum árum íslenskar stuttmyndir gegn ofbeldi og báðum um að þær yrðu sýndar á undan kvikmyndum og þáttum sem innihalda ofbeldi. Eftir nokkrar birtingar tók RÚV þær úr birtingu og í tíð Páls Magnússonar sem útvarpsstjóra virðist fjölmiðillinn ekki sjá sér fært að birta slíkar upplýsingar til verndar íslensku börnum. Engin slík viðvörðun var birt á undan orðljótu, klámfengnu og ofbeldishneigðu áramótaskaupi sem átti ekkert erindi inn á fjölskylduskemmtun. Við höfum hingað til getað skemmt okkur yfir grínþáttum án slíks viðbjóðs sem hér var troðið ofan í þjóðina.

Í kjölfar þess sem nú hefur

→ Í áramótaskaupi RÚV 31. desember var nauðgurum gert hátt undir höfði og þeim kennt að kaupa tjald yfir glæpi sína. Ofbeldi lyft hæðum herra og áhorfendum kennt að bregðast við þjóðfélagsgagnrýni með hnefaskaki.

gerst hjá RÚV um þessi áramót er nauðsynlegt að stokka upp hjá ríkisfjölmiðlunum. RÚV hefur algerlega brugðist hlutverki sínu og ýtir nú undir að hér risi ofbeldisþjóðfélag í stað þess að standa vörð um íslenska friðarmenningu. Núverandi stjórnendur verða að víkja sjálfviljugir eða með valdboði. Hér með er skorað á Fjölmiðlanefnd að taka þetta mál til umfjöllunar. Skorað er á Pál Magnússon og aðra sem hafa komið að birtingu þessa efnis hjá RÚV að taka pokann sinn. Þá er athæfið hér með kært til Lögreglustjórans í Reykjavík sem brot á almennum hegningarlögum m.a. kafla XIII, XVIII, XXII, XXV og vakin athygli á því að við brotunum er fangelsisvist.

# Til foreldra barna með þroskaraskanir

Okkur er skylt að koma á framfæri leiðréttingu vegna ummæla Ragnars Þorsteinssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, í Fréttablaðinu þann 12. nóvember síðastliðinn.

Sviðsstjóri segir að svokallaðir þátttökubekkir sem stofna eigi til á þessu ári geti verið valkostur fyrir börn sem ekki fá inni í Klettaskóla. Hann segir enn fremur að inntökuskilyrði í þátttökubekki hafi ekki verið ákveðin.

Þetta er rangt hjá sviðsstjóranum. Í stefnu Reykjavíkurborgar, sem gefin var út í október 2012, kemur skýrt fram að inntökuskilyrði í þátttökubekki verði þau sömu og í Klettaskóla.

Þátttökubekkir verða því ekki valkostur fyrir börn sem Klettaskóli hafnar. Börn með væga þroskahömlun án „gildra“ viðbótarfatlana eiga því, sem fyrr, enga valkosti. Þau verða að ganga í almennan skóla hvort sem þau þrífast þar eða ekki.

Ágúst Kristmanns, María Björg Benediktsdóttir, Ásta Krístrún Ólafsdóttir, Jóna Ágústa Gísladóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Svafa Arnardóttir. Foreldrar í starfshópi um sérskóla.

## Brautarholt 7, Rauðarárholt Hagsmunaaðilakynning\*

Kynnt verður tillaga að deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir byggingu 95-100 íbúðaeininga fyrir nemendur á lóðinni. Gert er ráð fyrir íbúðaeiningum fyrir einstaklinga.

Kynningarfundurinn verður haldinn þriðjudaginn 8. janúar næstkomandi kl. 16-17 í húsnæði Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Fundarherbergi; Kerhólar á 7. hæð vesturhluta. Gestir nálgast aðgangspassa í þjónustuveri á jarðhæð.

Deiliskipulagstillagan afmarkast af Brautarholti, Ásholti, Stakkholti og Mjólnisholti. Veittur verður frestur til ábendinga og athugasemda til 23. janúar 2013. Sendist á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is). Athugasemdum og ábendingum verður ekki svarað skriflega heldur eru þær innlegg inn í áframhaldandi vinnu.

Fundurinn er öllum opin og er vonast til að sjá sem flesta.

\*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg



[www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GARÐAR THOR Á AKUREYRI

Stórsöngvarinn Garðar Thor Cortes verður með nýr-  
stónleika í Hofi á Akureyri annað kvöld kl. 20. Auk hans  
koma fram Garðar Cortes eldri, Valgerður Guðnadóttir  
og söngflokkurinn Norrington. Tónlistarstjórar eru  
Friðrik Karlsson og Óskar Einarsson.

# RISA ÚTSALA

YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR  
ALLT AÐ 75% AFSL.

SJÓNVÖRP ÚTVÖRP  
FERÐATÆKI BÍLTÆKI  
DVD SPILARAR MAGNARAR  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR  
HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR  
HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR  
REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR  
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR  
ÖRBYLGJUOFNAR PRÁDLAUSIR SÍMAR  
PVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR  
SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR  
HELLUBORÐ RYKSUGUR HRÆRIVÉLAR  
UPPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR  
PURRKARAR

# RISA ÚTSALA

YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR  
ALLT AÐ 75% AFSL.

Sjá allt  
úrvalið  
á ht.is



Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500



## ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

**M**atreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kryddhjúpuðum kjúklingi með sveppasösu upp á gamla mátann. Fuglinn er borinn

fram með bökuðu grænmeti og kartöflum ásamt salati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

### KRYDDHJÚPAÐUR KJÚKLINGUR MEÐ SVEPPASÖSU UPP Á GAMLA MÁTANN

1 heill kjúklingur  
80 g smjör  
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir  
1 msk. rósmarín, smátt saxað  
¾ msk. salvía, smátt söxuð  
2 msk. steinselja, smátt söxuð  
1 msk. Montreal chicken seasoning eða salt og pipar

Smeygið hendinni undir haminn á fuglinum og losið hann varlega frá bringunum og alveg niður að lærum. Bræðið saman smjórið í potti með hvítlauknum, rósar-

íninu, salvíunni og steinseljunni. Hellið síðan kryddsmjörinu undir haminn á fuglinum. Kryddið með Montreal chicken seasoning. Bakið við 185 °C í 55 mín. Látið fuglinn standa í 10 mín. áður en hann er borinn fram.

#### SVEPPASÖSA

2 msk. olía  
1 askja sveppir í bátum  
1 tsk. paprikuduft  
Salt og nýmalaður pipar  
2 dl mjólk

2 dl rjómi  
1 msk. kjúklingakraftur  
Sósujafnari

Hitið olíu í potti og steikið sveppina í 2 mínútur. Kryddið með paprikudufti, salti og pipar. Bætið þá mjólk og rjóma í pottinn og þykkið með sósujafnara. Smakkið til með kjúklingakrafti. Gott er að hella safanum og smjörinu úr ofnskúffunni í sósuna og blanda vel saman. Berið fuglinn fram með sveppasösunni.

## Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# Tröllla trefjar

Uppáhalds réttur Anníear er Tröllatrefjar.



EKKERT salt  
ENGINN sykur

Næringargildi í 100g:

Orka	448 kJ / 107 kkal
Fita	1,4g
þar af mett. fitusýrur	0,7g
Kolvetni	10,2g
Trefjar	1,1g
Prótein	10,8g



# BÆNDUR MEÐ ÁRAMÓTATÓNLEIKA Í HÓLMAVÍK

Hjónin Barbara Guðbjartsdóttir og Viðar Guðmundsson, tónlistarmenn og bændur, í Miðhúsum í Kollafirði á Ströndum bjóða til tónleika í Hólma-víkurkirkju á sunnudag kl. 17. Sérstakur gestur verður söngkonan Íris Björg Guðbjartsdóttir.

Flutt verða jóla- og áramótalög ásamt annarri tónlist. Í lok tónleika verður bænastund þar sem beðið verður fyrir þeim er kvöddu á liðnu ári og einnig beðið fyrir nýju ári. Séra Sigríður Óladóttir mun leiða bænina.

Barbara og Viðar vöktu athygli þegar þau komu fram í þættinum Landanum nýlega. Bæði störfuðu þau sem tónlistarkennarar en Barbara sinnir nú heimilishaldi og börnum. Hann er auk kennarastarfsins kórstjóri og organisti bæði á Ströndum og í Borgarfirði þar sem þau bjuggu áður.

Hjónin eru miklir tónlistarunnendur og Barbara hefur meðal annars borið sigur úr bítum í karaoke-keppni á Ströndum. Utan tónlistar eru þau með 450 fjár, hænur og hesta.



**HÓLMAVÍKURKIRKJA**  
Kirkjan stendur á Brennuhól, fallegum útsýnisstað. Herra Sigurbjörn Einarsson biskup vígði hana á uppstigningardag árið 1968. Sóknarprestur er Sigríður Óladóttir en hún leiðir bæn með tónleikagestum á sunnudag.



## PRETTÁNDA- GLEÐI Í EYJUM

**Árleg prettándahátíð álfa, trölla og jóla-sveina verður haldin í Vestmannaeyjum um helgina.**

■ **PÚKAR, BRENNNA OG BALL**  
Prettándahátíðin er árlegur stórviðburður í Eyjum, en hún hefur verið haldin í á sjötta áratug. Þá flykkjast brottfluttir Eyjamenn heim með börnin sín og gleðjast með heimamönnum en auk þess eru allir áhugasamir velkominir.

Gleðin hefst á föstudag með blysför jólasveina af Hánni og upp á malarvöll, þar sem verður boðið upp á álfadans, flugeldasýningu og brennu. Þar munu Grýla og Leppalúði, tröll og púkar hrella lýðinn. Um kvöldið verður slegið upp prettándaballi í Höllinni, en ballið er það stærsta í Eyjum ár hvert. Brimnes, Eyþór Ingi og Land og synir leika fyrir dansi.

Á laugardag verður meðal annars boðið upp á Tröllagledi í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja en þar verður farið í fjölskylduleiki undir stjórn íþróttabjálfa. Þá verða leiksýningar í Bæjarleikhúsinu á laugardag og sunnudag auk ýmiss konar skemmtunar úti um allan bæ.

Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á [www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is).

## JÓLAKÖTTUR Í DALNUM

■ **HÚSDÝRAGARÐURINN**  
Jólakötturinn hefur sést yfir jólahátíðina í Húsdýragarðinum í Laugardal. Hann dvelur flestum stundum í kofa sínum og þar geta gestir garðsins heimsótt hann. Hann á það reyndar til að fara oft á flakk og þá sérstaklega um nætur þegar hann röltir um dalinn og ónáðar dýr og gangandi vegfarendur. Næturvörður Húsdýragarðsins kemur ábendingum um ferðir Jólakattarins til áhugasamra gesta. Glöggir gestir geta séð spor Jólakattarins í snjónum og jafnvel glyrnur hans í gluggum á svæðinu. Húsdýragarðurinn er opinn alla daga frá kl. 10-17.



■ **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ**  
sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Jónína María Hafsteinsdóttir**  
[jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson**  
[sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s 512 5432  
**Elsa Jensdóttir**  
[elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is) s. 512-5427

**Stelpur Konur** Staðurinn - Ræktin

**Lengri námskeið - betra verð!**

**Innritun hafin á janúarnámskeið**  
Hringdu núna til að tryggja þér pláss!



Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form. **8 eða 16 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag og kvöldtímar. Örfá pláss laus! Nýr tími kl 12:05.**

**TT-Akranes morgun- og síðdegistímar**



TT3 fyrir 16-25 ára. 70 mín 2x í viku, salur + tæki. Vigtun - mæling - matarræði. Frjáls mæting í opna kerfið og tækjasal. **8 eða 16 vikna námskeið. Sjáðu frábæran árangur haustsins á vefnum!**



Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp. **8 eða 16 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar. Örfá pláss laus! Nýr tími kl 9:15.**



Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp. Tilvalin leið til að koma sér í gang! **2 vikna námskeið – 5x í viku.**



Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar. **8 eða 16 vikur – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar. Nýr tími kl 6:15.**



Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan. **8 vikna námskeið – 2x í viku – kvöldtímar.**

STOTT PILATES

Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu m.a. með því að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja vöðva. **8 eða 16 vikur – 2x í viku – síðdegistímar. Fullbókað. Nýr tími kl 16:05.**



Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri. **8 eða 16 vikna námskeið - 2x í viku - morguntímar.**



Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt frá morgni til kvölds 6 daga vikunnar. Prek, þol, liðleiki, pallar, kraft yoga, tabata, zumba... eitthvað fyrir alla!



Frábær viðbót fyrir korthafa í opna kerfinu: Áherslumiðaður árangur - **35 mínútna hádegistímar.**

**Þú getur strax byrjað að æfa!**

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst. Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal!

**Fríir prufutímar til 15. janúar!**

**Velkomin í okkar hóp!**



4. JANÚAR 2013

# Lífið



## DORRIT MOUSSAIEFF

### BEST KLÆDDA KONA LÍFSINS

**HVERJIR VORU HVAR?**

Fjöldi þekktara einstaklinga mætti á frumsýningu verksins Mýs og menn eftir John Steinbeck í Borgarleikhúsinu. Þórólfur Árnason, **Vigdís Finnbogadóttir** og dóttir hennar Ástríður Magnúsdóttir, leikkonan Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Magdalena



Björnsdóttir og pabbi hennar, tónlistarmaðurinn Björn Jörundur Friðbjörnsson, leikarinn Góí eða öllu heldur Guðjón Davíð Karlsson, leikarinn Björn Thors, Helga Bryndís Jónsdóttir og sonur hennar, fjölmiðla-



maðurinn Nílli, sem heitir réttu nafni Níels Thibaud Girerd, hjónin Inga Jóna Þórðardóttir og **Geir Haarde** og **Kolfinna Baldvinsdóttir** og pabbi hennar Jón Baldvin Hannibalsson.



*Lífið*

**UMSJÓN**  
Elly Ármanns elly@365.is  
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.  
**Forsíðumynd** Heiða Helgadóttir  
**Auglýsingar** Atli Bergmann atlib@365.is

**Lífið** Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík, sími 512 5000  
www.visir.is/lifid



Glæsilegar. Elísabet Jónsdóttir, Alfa Lára Guðmundsdóttir, Birna Björnsdóttir og Selma Björns fögnuðu í lðusölum.



Gylfi Þór Valdimarsson, Garðar Cortes og Birna Björnsdóttir eyddu fyrsta kvöldi ársins í lðusölum.



Skemmtileg þrenna. Ásdís Rán, Ívar Guðmundsson og Logi Bergmann mættu á Austur.

# 2013

## FAGNAÐ MEÐ STÆL



Eins og sjá má á þessum skemmtilegu Instagram-myndum var gleðin við völd í lðusölum og á skemmtistaðnum Austur á fyrsta degi ársins.

Glamúrinn tekinn alla leið. Sólveig Ösp Haraldsdóttir, Sigurbjörg Benediktsdóttir, Björk Eiðsdóttir og Helga Ólafsdóttir.



Garðar Cortes, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Gylfi Þór Valdimarsson og leikkonan Anna Svava sem sló í gegn í skaupinu í ár.



Tobba Marinós og Karl Sigurðsson.



Samrýmdar systur. Birna og Selma Björnsdætur.

# ÚTSALA



kjöll /sv. undirkjöll fylgir

áður 16.990

**nú 9.990**

4 litir



Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Við erum á Facebook

## FAGNAR GRÍMUKLÆDD MEÐ FRÆGUM

Leikkonan Þórunn Lárusdóttir heldur upp á ferðsáttmálið sitt í reiðhöllinni í Víðidal annað kvöld.

Fjöldi þekktara einstaklinga hefur boðað komu sína í afmælið en afmælistelpan bað gesti sérstaklega um að mæta í grímubúningi. Þar má nefna Gunnar Helgason og eiginkonu hans, Björk Jakobsdóttur, Lindu Ásgeirsdóttur, Hrefnu Hallgrímsdóttur, Þóru Karítas, Þórunni Clausen, Jón Ólafsson og unnustu hans, Þóru Ólafsdóttur. Þá hefur Skúli Mogensen staðfest komu sína en flugfélagið hans, Wow Air, verðlaunar besta búning kvöldsins með flugmiða út í heim og til baka.



Þórunn Lárusdóttir og Linda Ásgeirsdóttir leikkona.



Jón Ólafsson



Þórunn Erna Clausen



Skúli Mogensen



Gunnar Helgason

*Peysa*  
5.995,-



L I N D E X



Hlíleiki er allsráðandi á heimili Lindu, sem býr hér ásamt eiginmanni og barni.  
MYNDIR/VALLI



Salernið er skrautlegt vægast sagt.



# ÞINGHOLTIN HEIMSÓTT

„Húsið kallaði á mig og því gat ég ekki annað en keypt,“ segir leikmyndahöfundurinn Linda Mjöll Stefánsdóttir, sem býr í fallegu húsi í Þingholtunum. Linda er næsti gestur Sindra í þættinum Heimsókn, sem sýndur er í opinni dagskrá á laugardag, strax að loknum fréttum Stöðvar 2.



Skemmtilegt herbergi í alla staði.

## SNIÐUGIR AUKABITAR

Lykillinn að stöðugum blóðsykri og mikilli brennslu er að borða reglulega og ekki mjög mikið hverju sinni. Þess vegna skiptir aukabitinn máli. Þetta og fleira fróðlegt segir í bókinni Sex kíló á sex vikum eftir Ulrika Davidsson og Ola Lauritzson, sem bókaútgáfan Bjartur & Veröld gaf út nýverið. Hér má finna uppskriftir að nokkrum aukabítum með lágum sykurstuðli sem einfalt er að útbúa.

### JARÐARBERJABEYTINGUR

1 skammtur

1 dl frosin jarðarber  
1 dl hrein jógúrt eða skyr  
1 dl appelsína  
Takið börkinn af appelsínunni, setjið allt í blandarann og blandið í nokkrar sekúndur. Berið strax fram.



í nokkrar mínútur. Malið kasjúhneturnar í matvinnsluvél í nokkrar sekúndur. Bætið mangó-sneiðum, trönuberjum, helmingnum af kókosmjölinu og vatni út í og hrærið í jafnt deig. Mótið deigið í litlar kúlur og veltið upp úr afganginum af kókosmjölinu. Geymið á köldum stað.

### ORKUSTANGIR

Tilvalið nesti til að taka með í vinnuna og í ferðalög. 25-30 stk.

600 g sykurlaust granóla  
1 dl trönuber  
½ dl furuhnetur  
2 dl af blönduðum fræjum, s.s. graskersfræ og sólblómafræ  
2 egg  
